



**Þinggerð 66. Fjórðungspings Vestfirðinga að hausti
Haldið á Ísafirði 22. og 23. október 2021**

66. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Þinggerð

Þinggerð fjórðungspings 2021

Föstudaginn 22. og laugardaginn 23. október 2021, var samkvæmt samþykktum haldið 66. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti, haldið í sal Frímúrara við Suðurgötu á Ísafirði. Dagskrá þingsins má sjá nánar í þingskjali 1. Atkvæðavægi sveitarfélaga má sjá í þingskjali 2.

Þingsetning

Jóhanna Ösp Einarsdóttir, formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga, setti þingið kl. 10.30 og bauð þingfulltrúa og fundargesti velkomna.

Formaður gerði tillögu að þingforseti yrði Jón Páll Hreinsson Bolungarvíkurkaupstað og Arna Lára Jónsdóttir Ísafjarðarbæ yrði varaforseti.

Tillagan samþykkt og tók þingforseti Jón Páll Hreinsson við fundarstjórn.

Þingforseti bauð gesti og þingfulltrúa velkomna þakkaði auðsýnt traust. Þingforseti fór yfir dagskrá þingsins.

Þingforseti gerði þá tillögu að þingritarar yrðu Agnes Arnardóttir og Guðrún Anna Finnbogadóttir starfsmenn Vestfjarðarstofu. Tillagan lögð fyrir fundinn. Tillagan samþykkt.

Þingforseti benti á að í 5. gr. þingskapa kemur fram að „Fulltrúar skulu tilkynna þingforseta skriflega málefni þau er þeir óska að komi til umræðu og sé jafnframt getið flutningsmanna.“ Þingforseti minnir á að þeir sem ætla að leggja fram ályktanir sendi þær nú þegar til ritara þannig að hægt verði að vinna þær og hafa tilbúna á skjánum þegar þær verða lagðar fram. Einnig benti hann á að ef koma eiga fram breytingartillögur þá þurfa þær að berast skriflega til ritara þingsins áður en þær eru bornar upp.

Þingforseti benti á að samkvæmt 6. gr. þingskapa skal „Í upphafi haustþings skal kjósa eftirtaldar fastar nefndir: Fjórðungsmálanefnd og allsherjarnefnd. Málum skal, eftir eðli þeirra, vísað til þeirra nefnda en kjósa má fleiri nefndir ef þurfa þykir eða starfa í einni málstofu. Rísi ágreiningur um til hvernar nefndar skuli vísað sker þingfundur úr. Á þingum, þegar kosningar fara fram, skal þingið kjósa fimm manna kjörnefnd sem gera skal tillögur að skipan stjórnar, varastjórnar, aðal- og varaendurskoðenda. Á dagskrá má taka mál, sem síðar koma, ef þingfundur leyfir.“

Tillaga til þingsins er að þingið starfi í einni málsstofu og ekki verði því kosið í þessar nefndir eins og koma fram í 6. gr. Tillagan lögð fyrir fundinn. Tillagan samþykkt.

Þingforseti bar upp tillögu stjórnar FV hópstjóra í vinnustofum

Tillögur til Vestfjarðastofu – Vestfjarðastofa til Framtíðar – Þórir Guðmundsson

Tillögur til stjórnvalda- Vestfirðir til framtíðar – Nanný Arna Guðmundsdóttir

Tillögur til sveitarfélaganna- Samstarf fyrir íbúana - Kristján Jón Guðmundsson

66. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Þinggerð

Tillagan lögð fyrir fundinn. Tillagan samþykkt.

Þingforseti bar upp tillögu um breytingu á dagskrá en samkvæmt samþykktum ættu dagskrárliðir Skýrsla samgöngu- og fjarskiptanefndar og Skýrsla um framkvæmd og stöðu Sóknaráætlunar Vestfjarða að vera liðir 2 og 3 á dagskrá fyrri þingdaginn en tillaga þess efnis er að þeim liðum sé frestað eins og sett hefur verið upp í dagskrá til laugardags. Tillagan lögð fyrir fundinn. Tillagan samþykkt.

Þingforseti benti á að hádegismatur færi fram í Vestrahúsinu þar sem kynningar voru á starfsemi fyrirtækja og stofnana hússins.

Gengið til dagskrár samkvæmt þingskjali 1.

1. Ávarp formanns

Formaður stjórnar Fjórðungsambands Vestfirðinga Jóhanna Ösp Einarsdóttir ávarpaði þingið. Vísast í [þingskjal nr. 4](#).

2. Ávarp gesta

Valur Rafn Halldórsson, sviðsstjóri, Samband Íslenskra sveitarfélaga - Ávarp frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga.

Valur Rafn fór yfir það sem hefur verið á döfnni hjá Sambandinu og hvernig starfsemin hafi breyst við Covid19 faraldurinn og viðrar þá skoðun að fjarfundir ættu að vera hluti af framtíðarfundarhöldum. Hægt er að hlusta á ávarp hans [hér](#)

Þingforseti gaf orðið laust um ávarp formanns og frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Enginn kvaddi sér hljóðs .

Þingforseti fór nú yfir mætingu á þingið. 53 fulltrúar eiga rétt á setu á þessu þingi 7 eru ekki með umboð. Umboð frá vorþingi gildir einnig ef sá fulltrúi er hlaut umboðið er á þinginu.

		Mættir	Ekki umboð	
53	Atkvæði samtals	41	12	
			53	Mættir eða með umboð
			77,3585%	
			22,6415%	Ekki mættir

66. FJÓRÐUNGSPING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Þinggerð

3. Ályktanir um helstu hagsmunamál Vestfirðinga og stefnumótun sveitarfélaganna í einstaka málum

Ályktanir stjórnar Jóhanna Ösp Einarsdóttir, formaður stjórnar leggur fram. Ályktun um Samgöngumál [Þingskjal 6](#)

Þingforseti gefur orðið laust. Engin tók til máls.

Vísað til einnar málstofu á laugardegi

Ályktun um Orkumál [Þingskjal 7](#) – Þingforseti gefur orðið laust. Engin tók til máls.

Vísað til einnar málstofu á laugardegi

Ályktun um Byggðaðpróun [Þingskjal 8](#) – Þingforseti gefur orðið laust Nanný Arna Guðmundsdóttir Ísafjarðarbæ kveður sér hljóðs og leggur fram spurningu um hvort umfjöllun um ályktanir fari fram í vinnustofunum sem eru á dagskrá síðar sama dag. Þingforseti kveður svo vera.

Fleiri óskuðu ekki eftir að taka til máls.

Vísað til einna málstofu á laugardegi

Ályktun um gjaldtöku í sjókvíaeldi [Þingskjal 9](#) – Ályktanir þingfulltrúa – Lilja Magnúsdóttir Tálknafjarðarhreppi leggur fram en flutningsmenn tillögunnar eru Lilja Magnúsdóttir og María Ósk Óskarsdóttir, Vesturbyggð, en skjalið er afrakstur vinnu sveitarfélaga á Vestfjörðum sem koma að fiskeldi og standa að Samfélagssáttmála um fiskeldi.

Þingforseti gefur orðið laust. Vísað til einna málstofu á laugardegi.

Tillögur fjárhagsnefndar um Árstíllag – Aðalsteinn Óskarsson,

Aðalsteinn Óskarsson sviðsstjóri Vestfjarðarstofu leggur fram f.h. fjárhagsnefndar. [Þingskjal 5a og 5c](#)

Framlög aðildarsveitarfélaga FV eru áætluð í samræmi við samþykkt tillögu til 66.

Fjórðungspings um árstíllag fyrir árið 2022, alls 39,5 mkr. Hér er um að ræða samtals hækkun árstíllags að fjárhæð 2,1 mkr sem kemur til móts við þróun kostnaðar allt frá árinu 2017 hjá Vestfjarðastofu, að þar munar mestu hækkunar launavísitölu en einnig áherslur í verkefnavali.

Framlagið skiptist á rekstrardeildir;

Atvinnu og nýsköpunarmál; 6,8 mkr, hér er um að ræða mótframlag á móti samningi við Byggðastofnun um atvinnu og byggðaðpróun, hækkun um 300 þkr frá fyrra ári.

Byggðaðpróun; 5 mkr. hér er framlag til reksturs Umhverfissvottunar sveitarfélaga EarthCheck, með hækkun um 1 mkr frá síðasta ári, til móts við aukna áherslu í málaflokknum.

Markaðsskrifstofa. 7,1 mkr, hér er um að ræða mótframlag á móti samningi Vestfjarðastofu við mótframlag á móti framlögum Ferðamálastofu vegna Áfangastofu, hækkun um 300 þkr frá fyrra ári.

Menningarmál. 9,9 mkr, hér er um að ræða framlag til starfsemi á sviði menningarmála, sú starfsemi er skilgreind sem áhersluverkefni í samningi um Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024.

Óbreytt frá fyrra ári.

66. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Þinggerð

Rekstur skrifstofu. 10,7 mkr, hér er um að ræða framlag til reksturs skrifstofu FV, hækkun um 500 þkr.

- Vísað til 5 liðar dagskrár fyrir hádegi á laugardegi.

Aðalsteinn Óskarsson lagði fram tillögur um fjárhagsáætlun [þingskjal. 5a](#)

- Vísað til 5. liðar dagskrár fyrir hádegi á laugardegi.

Aðalsteinn Óskarson fjallaði um tillögur og greinagerð m. fjárhagsáætlun er [þingskjal 5b](#) – Vísað til 5. liðar dagskrár fyrir hádegi á laugardegi.

Aðalsteinn Óskarsson fjallar um tillögu um laun stjórnar og nefnda er [þingskjal 5d](#) - Vísað til 5 liðar dagskrár fyrir hádegi á laugardegi.

Orðið gefið laust. Engin kveður sér hljóðs. Tillögunum vísað til 5 liðar í dagskrá fyrir hádegi á laugardaginn.

Jóhanna Ösp Einarasdóttir, formaður stjórnar lagði fram tillögur á breytingum á samþykktum og þingsköpum –Breytingar á samþykktum [þingskjal 10](#) -

Þingforseti gefur orðið laust.

Til máls tók Eva Sigurbjörnsdóttir Árneshreppi og spurði um tilurð tillögunnar um að leggja niður samgöngunefnd sem er sett fram í 11. grein.

Sigurður Hreinsson tók til máls og benti á þversögn í tillögunum varðandi 3. grein og 9. grein um aukaping í júní . Einnig fjallaði hann um 14. grein þar sem tillaga er um að hver þingfulltrúi geti aðeins tekið til máls tvisvar sinnum í hverju máli.

Aðalsteinn Óskarsson sviðstjóri Vestfjarðastofu skýrði breytingartillögunar nánar og bendir enn fremur á að á laugardeginum sé sérstakur dagskrárliður þar sem fjalla á um málefnið en að þessu sinni sé þetta bara lagt fram til kynningar. Varðandi fyrirspurn um 9. grein þá sé það tillaga starfshópsins að kjörnefnd fá fyrr umboð til að koma saman til að fjalla um tillögur að kosningum á fjórðungsþingi. Á miðju kjörtímabili er í ákvæðum um að á Fjórðungsþingi að vori verði kjörnefnd kölluð til starfa og fjalli um kosningar fyrir Fjórðungsþing að hausti. Þegar kemur að sveitarstjórnarkosningum verði kosnir fulltrúar í kjörnefnd sem hugsanlega væru að hætta, þá var ákveðið að kalla saman aukaping þar sem kjörnefnd verði kosin til að leggja fram tillögur kjörnefndar að hausti.

Jóhanna Ösp Einarasdóttir svaraði fyrirspurn varðandi 11. grein og sagði að á haustþingi 2020 var nefndin beðin um að skoða það hvort ætti að leggja niður samgöngunefnd en stjórn var ekki sammála þeirri tillögu.

Lagt var til að nánari umræður fari fram um málefnið á laugardeginum. - Vísað til 11 liðar á dagskrár eftir hádegi á laugardegi.

66. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Þinggerð

Nanný Arna Guðmundsdóttir Ísafjarðarbæ leggur fram ályktun um samstarf um umdæmisráð barnaverndar – [þingskjal 11](#).

Orðið gefið laust. Enginn tekur til máls. - Vísað til einnar málstofu á laugardegi

4. Hádegishlé

Hádegismatur og kynning á starfsemi í Vestrahúsi

5. Málstofa Velferð íbúa

- a) Björn Ingimarsson, sveitarstjóri Múlaþings- Sameining sveitarfélaganna fjögurra í Múlaþing - Aðdragandi, markmið og raun - „Störf án staðsetningar í stað staðsetningar án starfa“. Að öðru leiti vísað í upptöku sem hægt er að finna á síðu [Vestfjarðastofu](#) og einnig [hér](#).

Boðið uppá stuttar fyrirspurnir. Engin kvað sér hljóðs.

- b) Fjóla María Ágústsdóttir - Leiðtogi stafræns umbreytingarteymis hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga- Hvernig nýtist samstarf sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu velferð íbúa Fram kom að Jón Páll Hreinsson er fulltrúi Vestfjarða í þessu teymi og leggur hann áherslu á að við Vestfirðir geti ekki setið eftir í þessari þróun. Að öðru leiti vísað í upptöku sem hægt er að finna á síðu [Vestfjarðastofu](#) og einnig [hér](#).

Boðið uppá stuttar fyrirspurnir. Engin kvað sér hljóðs.

- c) Anna Guðmunda Ingvarsdóttir, Aðstoðarforstjóri HMS - Húsnæðissjálfsseignarstofnun landsbyggðanna og kynnir og fjallar m.a. um hvernig Húsnæðissjálfsseignarstofnun sé hugsuð fyrir almennar leiguíbúðir. Að öðru leiti vísað í upptöku sem hægt er að finna á síðu [Vestfjarðastofu](#) og einnig [hér](#).

Boðið uppá stuttar fyrirspurnir. Engin kvað sér hljóðs.

- d) Sævar Kristinsson, Verkefnisstjóri KPMG - Samfélagsleg áhrif jarðgangna á Vestfjörðum. Kynnir og fer yfir útkomna skýrslu um málefnið. Að öðru leiti vísað í upptöku sem hægt er að finna á síðu [Vestfjarðastofu](#) og einnig [hér](#).

Boðið uppá stuttar fyrirspurnir. Engin kvað sér hljóðs.

6. Kaffihlé

7. Vinnustofur

Tillögur til Vestfjarðastofu - Vestfjarðastofa til framtíðar

66. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Þinggerð

Sóknaráætlun og samningar við ríkið ramma inn starfsemi Vestfjarðastofu – Eru inn á gögnum þingsins.

- Hvernig vilja sveitarfélögin sjá Vestfjarðastofu vinna fyrir sig?
- Hvað felst í þeirri vinnu?
- Hvenær eiga sveitarfélög að leggja til auka fjármagn vegna aukinnar vinnu stofnunarinnar?

Tillögur til stjórnvalda – Vestfirðir til framtíðar

Umsagnir – fundir með ráðuneytum, stofnunum og Alþingi. Ályktanir til stjórnvalda settar inn í þennan lið. Ályktanir nýtast inn í umsagnir. –

- Af hverju þurfa Vestfirðir 60 milljarða til að geta orðið samkeppnishæfir?
- Hvað þýðir að vera samkeppnishæfir?
- Hver er forgangsröðunin frá sveitarfélögunum?
- Hvar fá Vestfirðingar fjármagnið?

Tillögur til sveitarfélaganna – Samstarf fyrir íbúana

- Egó, er það til vandræða?
- Skiptir samstarf sveitarfélaga máli?
- Hvað eiga sveitarstjórnarmenn eftir næstu kosningar að leggja áherslu á? (hvar liggja tækifærin?)
- Hvaða ágreining á að jarða?
- Hvaða sameiginlega þjónustu viljum við sem fjórðungur leggja áherslu á?
- Hvernig geta sveitarfélögin aukið samstarf sín á milli?
- Hafnarsamlög, fræðslumál, barnaverndarmál, innviðaáætlun, jarðgangnaáætlun og fleira.

8. Kynning á afurð vinnustofa

Hópstjórar kynna niðurstöður

Tillögur til Vestfjarðastofu - Vestfjarðastofa til framtíðar. Hópstjóri Þórir Guðmundsson.

Sjá niðurstöðu hópavinnu í [gögnum þingsins](#)

Tillaga til stjórnvalda -Vestfirðir til framtíðar. Hópstjóri Nanný Arna Guðmundsdóttir.

Sjá niðurstöðu hópavinnu í [gögnum þingsins](#).

Tillögur til sveitafélaganna – Samstarf fyrir íbúana. Hópstjóri Kristján Jón Guðmundsson.

Sjá niðurstöðu hópavinnu í [gögnum þingsins](#).

Þingforseti minnir á að breytingartillögur á ályktunum þurfa að berast fyrir kl. 8:30 í fyrramálið og þær eiga að berast til ritara.

66. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Þinggerð

17.00 Þinghlé til morguns

Laugardagur

9. Fjórðungsþing sett að nýju .

Kl. 09.00. Þingforseti hefur þing að nýju.

10. Skýrsla samgöngu- og fjarskiptanefndar

Aðalsteinn Óskarsson flutti skýrslu formanns nefndarinnar. Hægt er að nálgast skýrsluna í [gögnum þingsins](#).

11. Skýrsla um framkvæmd og stöðu Sóknaráætlunar Vestfjarða - Sigríður Ó.

Kristjánsdóttir lagði fram skýrslu. Hægt er að nálgast kynningu í [gögnum þingsins](#).

Orðið gefið laust. Engin kvað sér hljóðs.

12. Nefndarstörf í einni málstofu – Umræður og afgreiðsla ályktana.

Þingforseti fer yfir tilhögun við afgreiðslu ályktana sem lagðar voru fram í 3. dagskrárlið - Kosið um ályktanir og breytingartillögur jafnóðum og þær eru bornar upp. Þingforseti hvatti þingfulltrúa til að fara inná heimasíðu Vestfjarðastofu og kynna sér allar þær tillögur sem hafa borist.

Tilhögunin borin upp við þingið og hún samþykkt.

Ályktun um samgöngumál – [þingskjal 6](#).

María Ósk Óskarsdóttir Vesturbyggð lagði fram breytingartillögu sem er [þingskjal nr.14](#) og er það breytingatillaga um orðalag í greinargerð um samgönguáætlun varðandi ferjuna Baldur. Lagt er til að textinn í breytingartillögunni komi í stað textans í greinargerð með í upprunalegu ályktuninni í þingskjali 6. Þingforseti bendir á að breytingartillagan gangi lengra en upphaflega tillagan og voru því báðar tillögurnar teknar til umræðu saman.

Orðið gefið laust um báðar tillögurnar. Lagt var til að flutningsmaður geri betur grein fyrir tillögunni.

María Ósk Óskarsdóttir Vesturbyggð tók til máls. Hún benti á að mikilvægt sé að ganga lengra en upphaflega þingskjalið segir um, þar sem samgöngur frá norðanverðu svæðinu séu að aukast mikið með tilkomu nýs vegar yfir Dynjandisheiði og þar sem vegaf framkvæmdir um Klettháls verði ekki framkvæmdar um leið mun hann vera áfram farartálmi

Rebekka Hilmarsdóttir Vesturbyggð tók til máls og minnti á að það hefur verið stefna Vegagerðarinnar að rekstur ferjunnar Baldurs verði lagður niður þegar vegagerð lyki á svæðinu, en á meðan Klettháls væri farartálmi hluti af leiðinni verður ferjan Baldur að sigla áfram.

Sigurður Hreinsson Ísafjarðarbæ tók til máls og benti á að tillagan sé mjög nákvæm og tiltekur ákveðna gerð af skipum og spyr hvort þess þurfi.

66. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Þinggerð

Lilja Magnúsdóttir Tálknafjarðarhreppi tók til mál og benti á að Breiðafjörður sé eitt af hættulegri hafsvæðum hér við land og að íbúar skilgreina ekki Breiðafjörðinn sem hefðbundinn fjörð eins og virðist vera í hugum fólksins almennt.

Arna Lára Ísafjarðarbæ og spurði: hver skilningur fólks á að Baldur sé settur í forgang, þýðir það að við viljum setja Baldur fremst í röðina í samgöngumálum á Vestfjörðum.

María Ósk Óskarsdóttir tók til mál og benti á að gamli Herjólfur sé nú samkvæmt samningi við Vegagerðina varaskip Baldurs.

Gengið var til atkvæða um breytingartillögunar um Baldur. Lagt var til að atkvæðagreiðslu yrði frestað til að hægt væri að laga tillöguna til samræmis við umræður þingfulltrúa. Borið undir þingið. Samþykkt. Tillagan verður lögð fram aftur undir lok þings.

Ályktun um orkumál á Vestfjörðum - [þingskjal 7](#). Lagðar fram tvær nýjar tillögur um orkumál sem eru.

Ályktun um vindorku, [þingskjal 12](#), flutningsmenn, Ingimar Ingimarsson Reykhólahreppi, Árný Huld Haraldsdóttir Reykhólahreppi og Embla Dögg Bachmann Jónsdóttir Reykhólahreppi.

Orðið gefið laust.

Jóhanna Ösp Einarisdóttir Reykhólahreppi bað um orðið og lagði til að ályktun um vindorku yrði sameinuð inn í texta ályktunar stjórnar.

Sú breytingartillaga lögð fram til samþykktar – Samþykkt samróma.

Þingforseti felur formann stjórnar málið og frestar afgreiðslu þar til síðar á þinginu.

Ályktun um orkumál, [þingskjal 13](#). Flutningsmaður Ingimar Ingimarsson Reykhólahreppi.

Þingforseti gefur orðið laust.

Til máls tók Daníel Jakobsson Ísafjarðarbæ sem spurði hvort að Orkubú Vestfjarða ætti að vera inn í ályktuninni.

Jóhanna Ösp Einarisdóttir Reykhólahreppi svarar og sagði að ákveðið hafi verið að annað hvort ættu öll orkufyrirtæki að vera inn í ályktuninni eða engin.

Ályktunin borin upp. Samþykkt einróma.

Ályktun um byggðapróun og auðlindastýringu - [þingskjal 8](#).

Orðið gefið laust.

Til máls tóku Arna Lára Jónsdóttir Ísafjarðarbæ, Aðalsteinn Óskarsson Vestfjarðarstofu, og Sigurður Hreinsson Ísafjarðarbæ. Til umræðu var orðalagsbreytingar í ályktuninni og tilurð hennar.

Baldur Smári Einarsson Bolungarvíkurkaupstað kom fram með breytingartillögu og lagði til nýjan titil “ Ályktun um sjálfbæra nýtingu staðbundinna nytjastofna”.

66. FJÓRÐUNGSPING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Pinggerð

Arna Lára Jónsdóttir Ísafjarðarbæ tók til máls og lagði til breytingu í titli þannig að í stað nytjastofna kæmi „staðbundinna auðlinda“ eða nytjastofnar á grunnslóð. Orðalagi ályktunarinnar breytt í samræmi tillögur þeirra sem tóku til máls. Tillagan borin upp með áorðnum breytingum. Samþykkt einróma. Sjá [þingskjal 18](#).

Ályktun um gjaldtöku í sjókvíaeldi - [þingskjal 9](#).

Lilja Magnúsdóttir Tálknafjarðarhreppi lagði fram breytingartillögu [þingskjal 15](#).

Flutningsmaður telur þetta ekki vera breytingartillögu heldur lagfæring á upphaflegu tillögunni.

Orðið gefið laust.

Til máls tóku

Baldur Smári Einarsson Bolungarvíkurkaupstað og vill koma á framfæri að hann sé starfsmaður Arctic Fish og ætlar því ekki að greiða atkvæði um tillöguna. Kynnti útreikninga um þróun opinbera gjalda sem eldisfyrirtækin munu greiða á næstu árum.

Bragi Þór Thoroddsen Súðavíkurhreppi, tók undir tillögu starfshóps og benti á mikilvægi þess að fá tekjur inn til sveitarfélaganna vegna fiskeldis.

Arna Lára Jónsdóttir, Ísafjarðarbæ tók undir tillögu starfhóps en gerði athugasemdir við hve nákvæmt farið er í úthlutunarreglur í tillögunni.

Ólafur Þór Ólafsson Tálknafjarðarhreppi, lagði til að tillagan verði samþykkt með þeim breytingum sem komnar voru fram á þinginu. Benti einnig á að ekki sé óeðlilegt að sveitarfélögin hafi skoðun á því hvernig gjaldtakan í kringum fiskeldið sé.

Daníel Jakobsson Ísafjarðarbæ, tók undir orð Baldurs Smára og ítrekaði að fókusinn ætti að vera á Fiskeldissjóðinn en minna á gjaldtök heimildirnar.

Rebekka Hilmarsdóttir Vesturbyggð tók til máls og benti á mikilvægi þess að fjármunir vegna fiskeldis verði eftir á svæðinu.

María Ósk Óskarsdóttir Vesturbyggð lagði til áherslubreytingar í skjalinu þannig að málsgrein um Fiskeldissjóð verði sett efst.

Tillagan lögð fram með á orðnum breytingum. Borin upp til atkvæða. Samþykkt einróma. Sjá [þingskjal 15](#)

Ályktun um samstarf um umdæmisráð barnaverndar – [þingskjal 11](#). Flutningsmaður Nanný Arna Guðmundsdóttir Ísafjarðarbæ.

Breytingartillaga á ályktun um umdæmisráð í barnavernd – [þingskjal 16](#). Flutningsmaður María Ósk Óskarsdóttir Vesturbyggð.

Til máls tóku

Nanný Arna Guðmundsdóttir Ísafjarðarbæ og gerði grein fyrir tillögunni

María Ósk Óskarsdóttir Vesturbyggð og gerði grein fyrir sinni breytingartillögu

66. FJÓRÐUNGSPING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Pinggerð

Arna Lára Jónsdóttir Ísafjarðarbæ benti á að Ísafjarðarbær hefði lýst yfir vilja að leiða þetta starf.

Pingforseti ber upp tillögurnar og bendir á að upphaflega ályktunin gengur lengra og hún borin upp [þingskjal 11](#) Samþykkt með 6 atkvæðum á móti.

Ályktunin er samþykkt og breytingartillagan – þingskjal 16 fellur út.

Pingforseti tekur næst fyrir [breytingartillögu](#) varðandi ferjuna Baldur sem var frestað deginum áður.

Orðið gefið laust.

Til máls tók

Ingimar Ingimarsson, Reykhólahreppi tók til máls og lagði til að greinargerðin verði felld inn í ályktunina.

Breytingartillagan borin upp til samþykktar. Samþykkt gegn einu mótatkvæði.

Ályktun um orkumál á Vestfjörðum Flutningsmenn Ingimar Ingimarsson Reykhólahreppi, Árný Huld Haraldsdóttir Reykhólahreppi, Embla Dögg Bachmann Jóhannsdóttir Reykhólahreppi.

Tvær tillögur liggja fyrir um orkumál og orðið gefið laust um báðar tillögurnar.

[Breytingartilla um orkumál](#) og [þingskjal 17](#).

Orðið gefið laust.

Til máls tóku

Ingimar Ingimarsson Reykhólahreppi og benti á að mikilvægt væri að hnykkja á þessum málum varðandi orkugarða.

Eva Sigurbjörnsdóttir Árneshreppi. Fjallaði um vindorkugarða en benti á að í þessa tillögu þyrfti að bæta við umfjöllun um Hvalárvirkjun.

Ályktunin borin upp til atkvæða með þeim breytingum sem kom fram í breytingartillögunni.

Samþykkt einróma.

Nefndartörfum lokið og gert 10 mín. þinghlé.

12. Hlé.

13. Fjárhags- og starfsáætlun 2022 - Aðalsteinn Óskarsson

Laun og þóknun til stjórnar og nefnda -

Vísað í gögn þingsins tillögur um [laun stjórnar og nefnda](#).

Orðið gefið laust. Engin kveður sér hljóðs.

Lagt fram til samþykktar. Samþykkt einróma.

Ákvörðun um árstíllag sveitarfélaganna á næsta starfsári -

Vísað í gögn þingsins um ákvörðun [um árstíllag sveitarfélaganna á næsta starfsári](#) Fjórðungssambands Vestfirðinga á grundvelli 7. gr. samþykktar.

Orðið gefið laust um báðar tillögurnar. Engin kveður sér hljóðs.

Lagt fram til samþykktar. Samþykkt einróma.

66. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Þinggerð

Fjárhags- og starfsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga –

Lögð er fram fjárhagsáætlun með ný samþykktum tillögum um laun og þóknun til stjórna og nefnda ásamt tillögu um árstíllag sveitarfélaga til FV fyrir árið 2022.

Vísað í gögn þingsins um [Fjárhags- og starfsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga](#)

Orðið gefið laust. Engin kveður sér hljóðs. Lagt fram til samþykktar. Samþykkt einróma.

Vísað að öðru leiti í [gögn þingsins](#) og [upptökur af þinginu](#).

14. Hádegishlé

15. Ávarp fyrsta þingmanns NV kjördæmis - Stefán Vagn Stefánsson

Vísað í [gögn þingsins](#) og [upptökur af þinginu](#).

Orðið gefið laust fyrir fyrirspurnir. Engin kveður sér hljóðs.

16. Tillaga um breytingu á samþykktum og þingsköpum – Jóhanna Ösp Einarsdóttir.

Jóhanna leggur til að taka umræður um hverja grein fyrir sig, ræða hana og samþykkja eða hafna og kjósa svo um skjalið í heild í lokin. Samþykkt.

3. gr. Fjórðungsþing Vestfirðinga

Jóhanna Ösp Einarsdóttir Reykhólahreppi lagði tillöguna fram fyrir hönd stjórnar.

Orðið gefið laust.

Til máls tóku

Sigurður Hreinsson Ísafjarðarbæ og leggur til að bætt verði við nýrri grein sem fjalli um aukapung og verði þá gr. 10 í samþykktunum.

Þingforseti kallar eftir því hvort liggi fyrir breytingartillaga við breytinguna á 3. gr. Lagt er til að önnur setning greinarinnar hljóði svo: Á dagskrá aukapingsins er kosning nefnda.

Orðið gefið aftur laust og nú um báðar tillögurnar saman.

Til máls tók Ingimar Ingimarsson spurði hvort flutningsmenn breytingartillögu séu sáttir við breytinguna á 10 gr. þar sem breyting á 3. gr virki ekki fyrr en breyting 10 gr. sé samþykkt.

Þingforseti óskar eftir flutningi á tillögu 10 gr. og ber breytingu á 3. gr og 10. gr upp saman. Samþykkt einróma.

4. gr. Fulltrúar á Fjórðungsþing og atkvæðaréttur

Jóhanna Ösp Einarsdóttir Reykhólahreppi lagði tillöguna fram fyrir hönd stjórnar.

Orðið gefið laust.

Til máls tóku

Ingimar Ingimarsson Reykhólahreppi, og benti á að inn í tillöguna vanti rafræna undirritun.

66. FJÓRÐUNGSPING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Þinggerð

Sigríður Ósk Kristjánsdóttir Vestfjarðastofu, fjallaði um rafræna undirritun og taldi að hægt væri að túlka hana á sama hátt og undirritun á pappír.

Bragi Þór Thoroddsen Súðavíkurreppi, ræddi rafræna undirritun sem hann taldi að stæðist.

Aðalsteinn Óskarsson Vestfjarðastofu, lagði til að starfsmenn Vestfjarðastofu skoðuðu tillöguna og málinu yrði frestað.

Kristján Jón Guðmundsson Bolungarvíkurkaupstað, benti á ekki væri hægt að senda á marga þingfulltrúa eins og hægt væri að skilja tillöguna

Þingforseti fól starfsfólki Vestfjarðastofu að laga tillöguna miðað við umræður og frestaði liðnum þar til síðar á þinginu.

5. gr. Stjórn Fjórðungssambandsins

Jóhanna Ösp Einarsdóttir Reykhólahreppi lagði tillöguna fram fyrir hönd stjórnar.

Orðið gefið laust.

Til máls tóku

Baldur Smári Einarsson Bolungarvíkurkaupstað og spurði um laun til áheyrnarfulltrúa fyrir setu á fundum.

Ingimar Ingimarsson Reykhólahreppi, benti á að áheyrnarfulltrúi ætti að hafa tillögurétt á fundunum. Einnig benti hann á að það væri ekki í anda samþykktanna að skipa nýja stjórnarmenn af sveitarfélögum utan Fjórðungspings.

Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Reykhólahreppi svaraði fyrirspurnum.

Sigurður Hreinsson Ísafjarðarbæ benti á að þessi grein kæmi inn til að bregðast við vanda þegar stjórnarmenn detta út án þess að varamaður sé fyrir þeirra hönd.

Aðalsteinn Óskarsson Vestfjarðastofu útskýrði hvaðan þessi breyting er komin inn í samþykktir. Einnig benti hann á þann vanda sem er innan stjórnar Fjórðungssambands þegar stjórnarmenn hætta í stjórn áður en tímabilið er liðið.

Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Reykhólahreppi kom með breytingu á tillögunni.

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir, Vestfjarðastofu fjallaði um varamenn og benti á að þegar vantar aðalmenn eða varamenn í stjórn er ekki hægt að breyta skráningu í Fyrirtækjaskrá þar sem samþykktir segja að 10 aðilar skuli sitja í stjórn.

Lilja Magnúsdóttir, Tálknafjarðarhreppi fjallaði um áheyrnarfulltrúa og tók dæmi um áheyrnarfulltrúa í þingnefndum alþingis varðandi málfrelsi.

66. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Þinggerð

Þingforseti lokar mælenda skrá og áréttar að þar sem ekki hafi komið breytingartillaga við fyrirbyggjandi tillögu ber að bera þær upp til atkvæða eins og þær liggja fyrir og eins og þær hafa verið kynntar. Borið upp til afgreiðslu í heild sinni. Samþykkt með 4 atkvæðum á móti.

8. gr. Sérstök málefni sveitarfélaga

Jóhanna Ösp Einarsdóttir Reykhólahreppi lagði tillöguna fram fyrir hönd stjórnar.

Orðið gefið laust.

Enginn kveður sér hljóðs. Tillagan borin upp til afgreiðslu. Samþykkt einróma.

9. gr. Fjórðungsþing að voru

Jóhanna Ösp Einarsdóttir Reykhólahreppi lagði tillöguna fram fyrir hönd stjórnar.

Orðið gefið laust.

Enginn kveður sér hljóðs. Tillagan borin upp til afgreiðslu. Samþykkt einróma.

11. gr. Fastanefndir

Jóhanna Ösp Einarsdóttir Reykhólahreppi lagði tillöguna fram fyrir hönd stjórnar.

Kynntar eru þrjár tillögur sem tillaga A, B og C.

Tillaga A: Óbreytt tilhögun.

Tillaga B: Samgöngunefnd lögð niður og tímabundinn starfshópur settur í staðinn.

Tillaga C: Innviðanefnd komi í stað Samgöngu- og fjarskiptanefndar.

Orðið gefið laust.

Til máls tóku.

Arna Lára Jónsdóttir, Ísafjarðarbæ og lýsir yfir stuðningi við tillögu C og spyr hvernig atkvæðagreiðsla fari fram um tillögurnar.

Þingforseti tekur orðið og segir tillögu C gangi lengst og því kosið um hana fyrst.

Sigurður Hreinsson, Ísafjarðarbæ og segir tillögu B vera slæma og senda röng skilaboð út í samfélagið.

Tillaga C borin upp til afgreiðslu. Tillaga C samþykkt einróma og því ekki þörf á að kjósa um hinar tvær.

Þingsköp 2. gr.

Jóhanna Ösp Einarsdóttir Reykhólahreppi lagði tillöguna fram fyrir hönd stjórnar.

Orðið gefið laust. Engin kveður sér hljóðs. Tillagan borin upp til afgreiðslu. Samþykkt einróma.

Þingsköp 6. gr. um fastanefndir

Jóhanna Ösp Einarsdóttir Reykhólahreppi lagði tillöguna fram fyrir hönd stjórnar.

Orðið gefið laust. Engin kveður sér hljóðs. Tillagan borin upp til afgreiðslu. Samþykkt einróma.

66. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Þinggerð

Þingsköp 13. gr. Um stuttar fyrirspurnir úr sæti

Jóhanna Ösp Einarisdóttir Reykhólahreppi lagði tillöguna fram fyrir hönd stjórnar.

Orðið gefið laust.

Tillagan borin upp til afgreiðslu. Samþykkt einróma.

Þingsköp 14. gr.

Jóhanna Ösp Einarisdóttir Reykhólahreppi lagði tillöguna fram fyrir hönd stjórnar.

Orðið gefið laust.

Til máls tóku

Ingimar Ingimarsson Reykhólahreppi og spyr hver sé kenningin á bak við tillöguna.

Sigurður Hreinsson Ísafjarðarbæ og segist ekki styðja þessa breytingu og leggur til að þessi tillaga verði feld.

Jóhanna Ösp Einarisdóttir, Reykhólahreppi svaraði fyrirspurn.

Tillagan borin upp til afgreiðslu. Samþykkt gegn fjórum mótatkvæðum.

4. gr. – breytingartillaga

Aðalsteinn Óskarsson sviðstjóri Vestfjarðastofu gerir grein fyrir breytingunum.

Orðið gefið laust.

Til máls tóku Ingimar Ingimarsson Reykhólahreppi, Bragi Þór Thoroddsen Súðavíkurreppi, Sigríður Ósk Kristjánsdóttir Vestfjarðastofu og María Ósk Óskarsdóttir Vesturbyggð ræddu þau öll um undirritaða yfirlýsingu og staðfestingu hennar á rafrænu formi.

Tillagan lögð fram til afgreiðslu. Samþykkt með einu mótatkvæði.

Tillögurnar og breytingatillögurnar á Samþykktum og þingsköpum eru bornar upp til afgreiðslu í heild sinni.

Borið upp til samþykktar. Samþykkt einróma.

17. Önnur mál

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir Vestfjarðastofu tók til máls og kynnti nýjar tillögur um breytingar á skipuriti Vestfjarðastofu. Málið lagt fram undir þessum lið þar sem það passar ekki undir öðrum liðum en mikilvægt að kynna þessar breytingatillögur fyrir Fjórðungsþingi. Sjá nánar í gögnum þingsins og upptökum frá þinginu.

Orðið gefið laust. Til máls tóku Arnlín Óladóttir Kaldrananeshreppi og Ólafur Þór Thoroddsen Tálknafjarðarhreppi. Rætt var um samsetningu sóknarhóps sem nefndur er í kynningunni. Lagt er til að þetta umfangsmikla mál yrði betur kynnt á öðrum vettvangi til að hægt sé að kynna sér málið nánar.

Lilja Magnúsdóttir Tálknafjarðarhreppi tekur til máls og leggur til að kveðskapur formanns stjórnar undir kvöldverði, verði hluti af þinggögnum og birtur opinberlega svo þinggestir geti notið hans en hann var sérstaklega góður.

66. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Þinggerð

Sif Huld Albertsdóttir Bs-Vest tekur til máls og minnti á markað smáframleiðenda sem haldinn var í Dokkunni laugardaginn 23. október og hvatti alla til að líta við en það er eitt af verkefnum samráðshóps á Vestfjarðastofu og Sóknaráætlunar.

Þingforseti þakkar þingfulltrúum fyrir samstarfið, þakkar starfsfólki fyrir sína vinnu og öðrum fyrir þeirra framlag. Óskar eftir leyfi þingsins um að þingforseti og ritarar gangi frá þinggerð eftir að þingi er slitið. Samþykkt af þingfulltrúum.

Formaður stjórnar Jóhanna Ösp Einarsdóttir slítur þingi.

Hvers vegna erum að halda þessi þing? Það er vegna þess að við viljum fá afurð af þinginu.

Hvernig afurð er það. Fólk vill vinna meira saman, fólk vill meira samstarf og í hvert sinn sem við hittumst erum við að vinna að öflugum Vestfjörðum. Sjá nánar í gögnum þingsins ásamt upptökum af þinginu. Formaðurinn þakkar Línu Björgu Tryggvadóttur sérstaklega fyrir hennar störf síðan 2013 og gefur henni gott klapp.

Þakkar starfsfólki Vestfjarðastofu fyrir skipulagningu og vinnu á þessu þingi.

Þakkar Þingforseta fyrir harða og skipulega fundarstjórn og að lokum þakkar öllum fyrir þeirra störf á þessu þingi.

Þingslit kl. 14.07.

Jón Páll Hreinsson, þingforseti

Agnes Arnardóttir, þingritari

Guðrún Anna Finnbogadóttir, þingritari

66. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Þinggerð

Þingskjal nr. 1

Dagskrá

- 10:30 Setning þings
Kosning þingforseta, ritara og tilnefning fundarstjóra í vinnustofum.
- 10:40 *Ávarp formanns Fjórðungssambands- Jóhanna Ösp Einarsdóttir*
- 10:50 Ávörp gesta
Valur Rafn Halldórsson - Samband Íslenskra sveitarfélaga – Ávarp frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- 11:25 *Ályktanir um helstu hagsmunamál Vestfirðinga og stefnumótun sveitarfélaganna í einstaka málum.*
- 11.50 Hádegishlé
- 12.00 Hádegismatur og kynning á starfsemi í Vestrahús.
- 14.00 Málstofa Velferð íbúa
Björn Ingimarsson, sveitarstjóri Múlaþings - Sameining sveitarfélaganna fjögurra í Múlaþing – Aðdragandi, markmið og raun
Fjóla María Ágústsdóttir - Leiðtogi stafræns umbreytingarteymis hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
Hvernig nýtist samstarf sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu velferð íbúa
Anna Guðmunda Ingvarsdóttir, Aðstoðarforstjóri HM
Húsnæðissjálfsseignarstofnun landsbyggðanna
Sævar Kristinsson, Verkefnisstjóri KPMG - Samfélagsleg áhrif jarðgangna á Vestfjörðum
- 15.10 Kaffihlé
- 15.30 Vinnustofur
Tillögur til Vestfjarðastofu - Vestfjarðastofa til framtíðar
Tillögur til stjórnvalda – Vestfirðir til framtíðar
Tillögur til sveitarfélaganna – Samstarf fyrir íbúana
- 16.30 Kynning á afurð vinnustofa
- 17.00 Þinghlé
- 19.30 Kvöldverður á Hótel Ísafirði

Laugardagur 23. október

- 09:00 Fjórðungsþing haldið áfram eftir þinghlé
Skýrsla samgöngu- og fjarskiptanefndar
- 09:15 *Skýrsla um framkvæmd og stöðu Sóknaráætlunar Vestfjarða*
- 09:30 Nefndarstörf í einni málstofu - Umræður og afgreiðsla ályktana
- 10.45 Hlé.
- 11.00 *Fjárhags- og starfsáætlun 2022*
Laun og þóknun til stjórna og nefnda - Aðalsteinn Óskarsson

66. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Þinggerð

Ákvörðun um árstíllag sveitarfélaganna á næsta starfsári – Aðalsteinn Óskarsson
Fjárhags- og starfsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga 2022-
Aðalsteinn Óskarsson

11.45 Hádegishlé

12:30 Ávarp fyrsta þingmanns NV kjördæmis - Stefán Vagn Stefánsson

12.30 *Tillaga um breytingu á samþykktum og þingsköpum*

13.30 Önnur mál

14.00 Þingslit

*Þeir dagskrárliðir sem eru skráð með *skáletu letri* eru samkvæmt samþykktum Fjórðungssambands Vestfirðinga

66. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Þinggerð

Þingskjal nr. 2

Atkvæðavægi sveitarfélaga á 66. Fjórðungsþing Vestfirðinga - haust

Atkvæðisréttur sveitarfélaga á þingum Fjórðungssambands Vestfirðinga skipast þannig:

Hvert sveitarfélag hefur 300 atkvæði sem grunnatkvæði. Fyrir hvern einn íbúa sveitarfélagsins bætist við eitt atkvæði.

Atkvæðavægi hvers sveitarfélags ræðst af íbúatölu sveitarfélagsins þann 1. janúar ár hvert.

Íbúar

1.jan.21

Heiti sveitarfélags	Fjöldi íbúa	Grunn atkvæði	Fjöldi atkvæða
Reykholahreppur	236	300	536
Vesturbyggð	1064	300	1364
Tálknafjarðarhreppur	268	300	568
Bolungarvík	958	300	1258
Ísafjarðarbær	3794	300	4094
Súðavíkurhreppur	201	300	501
Árneshreppur	42	300	342
Kaldrananeshreppur	110	300	410
Strandabyggð	435	300	735
Samtals	7108	2700	9808

66. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Þinggerð

Þingskjal nr. 3

Samþykktir og þingsköp

Samþykktar Samþykktir og þingsköp í heild sinni má finna [hér](#)

66. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Þinggerð

Þingskjal nr. 4

Ávarp formanns.

Kæri þingforseti, sveitarstjórnarfolk, starfsfolk Vestfjarðastofu og aðrir gestir.

Mig langar að byrja á því að segja ykkur stutta sögu, heimfærða á mig, en á sér þó ekki stoð í raunveruleikanum. Þannig er mál með vexti að ég fór í fjallgöngu um daginn. Þetta var lúxus fjallganga upp á jökul í miklum kulda en ferðaskrifstofan var vel tækjum búin og ég var búin að undirbúa mig vel. Það átti að borða og gista í vel búnum rúmgóðum upphituðum tjöldum uppi á jöklinum og allur búnaður innifalinn í verðinu. Þegar við komum í tjaldbúðirnar voru allir orðnir kaldir og svangir og kjötsúpuilmurinn fyllti vitin. Ég fór í súpuröðina og þegar röðin kom að mér var mér tilkynnt að ég yrði að bíða þangað til allir hinir væru búnir. Ég varð hálf orðlaus en vildi ekki vera með neitt vesen svo ég fór bara aftast í röðina verandi hógvær og hlédræg. Þegar röðin svo loksins kom að mér var mér tilkynnt að það væru komnar nýjar reglur um súpuskömmun og ég þyrfti að borða súpuna mína með gaffli. Það tók mig að sjálfsgöngu lengri tíma en alla hina að borða súpuna því það var ekkert auðvelt að vera kaldur og svangur að borða súpu með gaffli. En þegar ég var loksins búin að borða þá fór ég til að fá lúxus tjaldið mitt því ég var orðin þreytt og vildi bara fara að sofa. En þegar ég kom til leiðsögumannsins þá sagði hann mér að vegna þess hvað ég hefði verið lengi að borða fengi ég bara lítið gamalt appelsínugult Tal kúlutjald. Þarna snögg fauk í mig og ég fór og ég rauk á leiðsögumanninn og spurði hvers vegna í ósköpunum ég fengi ekki tjald eins og hinir, því ég hefði vissulega borgað uppsett verð eins og aðrir! Hann sagði að það væri vegna þess að það hefði farið svo mikið fjármagn í að borga hin tjöldin að mínir peningar fóru í það en vonandi yrði ég heppnari í næstu ferð. Ég gæti líka beðið einhvern annan að skipta við mig eða reynt að vera á undan einhverjum öðrum inn í tjald þannig að sá þyrfti að fara í kúlutjaldið. Ég gat ekki hugsað mér að fara að bílast um tjöld við einhverja samferðamenn mína og lét mér því kúlutjaldið nægja og fór og ætlaði að tjalda, þá kom stjórnandinn aftur hlaupandi að mér og stoppaði mig vegna þess að núna væru komnar aðeins strangari reglur því ég hefði verið svo lengi að tjalda og núna þyrfti staðsetning tjaldsins að fara í umhverfismat.

Þetta er eins og ég sagði áðan bara lygasaga, en þetta er raunveruleikinn sem við búum við á hverjum degi, við erum enn að berjast fyrir grunn innviðum og þegar röðin loksins kemur að okkur þá er regluverkið í kringum framkvæmdir orðið þyngra og þar af leiðandi verða tafir með tilheyrandi átökum. Þetta getur átt við þjóðgarða, vegagerð, laxasláturhús, lágmarksíbúafjölda eða

66. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Þinggerð

virkjanir en þegar öllu er á botninn hvolft erum við ekki bara að berjast fyrir okkar samfélagi heldur samfélaginu Vestfjörðum í heild þannig að þó að við bitumst á um brauðmola og upplifum átök þá er það vegna þess að við erum með sameiginlega sýn að gera samfélögin okkar að betri samfélögum.

En það er virkilega ánægjulegt að hitta ykkur öll á þessu 4 og síðasta fjórðungsþingi að hausti á þessu kjörtímabili. Þó manni líði stundum eins og það séu tvö skref áfram og eitt afturábak þá erum við að horfa á miklar framfarir innan sveitarfélaganna.

Ég lít svo á að Vestfirðir eru í sókn og ég ætla að leyfa mér að segja dauðafæri, en það er svo okkar hvort sem það er í hlutverki kjörinna fulltrúa eða bara íbúa Vestfjarða að bretta upp ermar og nýta tækifærið! Við erum að horfa á fullt af metnaðarfullu fólki innan sveitarfélaganna sem eru í kraftmikilli sókn og ná fram mikilvægum áhersluverkefnum í uppbyggingu.

Sveitarfélögin hafa barist fyrir uppbyggingu fiskeldis og snýr baráttan að mörgum þáttum, leyfisveitingu, gjaldtöku, hafnarframkvæmdum og bættum samgöngum. Hafnarframkvæmdir hafa þó líka átt sér stað í öðrum sveitarfélögum og eru margir að horfa á stórar hafnarframkvæmdir á næstu árum.

Ljósleiðari hefur verið lagður í dreifbýli og núna er vinna í gangi í Árneshreppi. En við stólum á Ísland fulltengt til að þeir þéttbýliskjarnar sem eftir eru og eru skilgreindir sem markaðssvæði fái tengingu.

Bygging íbúðarhúsnæðis hefur farið fram víða og eru þó nokkur sveitarfélög í framkvæmdarhug í þeim efnum. Ýmist að fara af stað sjálf, eða með því að auka svigrúm deiliskipulags til að byggja. Við tókumst öll á við covid faraldurinn sem var mjög krefjandi verkefni og starfsfólk sveitarfélaganna og starfsfólk Vestfjarðastofu var ansi sveigjanlegt í að mæta þessum breytta veruleika. Veruleika sem jafnframt gaf okkur tækifæri í ýmiskonar fjarþjónustu og þó það sé alltaf skemmtilegra að hitta ykkur augliti til auglitis eru fjarfundirnir orðnir mikilvægur þáttur stjórnsýslunnar sem getur verið ansi mikil hagræðing þegar vegalengdir eru miklar. Við tókum því mikinn lærdóm frá þessari reynslu sem á vonandi eftir að nýtast okkur þegar við förum lengra og lengra inn í þennan stafræna heim.

Gróska er í atvinnulífi, þá sérstaklega á suður og norður svæði Vestfjarða. En sveitarfélögin eru dugleg að grípa tækifærin í atvinnuuppbyggingu og ýta undir vöxt atvinnulífsins. Þó hefur verið hart í ári hjá landbúnaðnum þetta kjörtímabil sem er áhyggjuefni fyrir mörg svæði Vestfjarða.

66. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Þinggerð

Íbúum á Vestfjörðum hefur fjölgað úr 6995-7220 á þessu kjörtímabili og mörg svæði eru að horfa á mikla og stöðuga jákvæða íbúapróun.

Auðvitað eru ekki öll verkefni dans á rósum en miklar launahækkningar og erfiður rekstur hefur líka verið viðloðandi undanfarin ár en þegar hart er í ári kemur seiglan í ljós og vestfirsk seigla skín heldur betur í gegn hér í dag.

En þó ég upplifi að það sé bjart yfir þá eru stór krefjandi verkefni framundan sem ég vona að við finnum samtakamátt til að takast á við. Þessi mikilvægi samstarfsvettvangur er því lykilþáttur í að finna samhljóm til að takast á við verkefni framtíðarinnar.

Þá getum við horft til Sóknaráætlunar Vestfjarða til að finna þennan samtakamátt. Nú er endurskoðun áætlunarinnar á næsta ári og hafa nú þegar fjölmörg verkefni farið af stað og önnur eru í startholunum.

Ég vil þakka Ísafjarðarbæ fyrir að bjóða okkur heim og starfsfólki Vestfjarðastofu fyrir að standa að undirbúningnum og góðu upplýsingaflæði til okkar sí-uppteknu kjörinna fulltrúa. Ég hlakka mikið til að eyða þessum tveimur dögum með ykkur og vona að þið eigið eftir að njóta þess að takast á, rökræða og finna sameiginlegan flöt í málamiðlunum.

En svo ég klári söguna um fjallgönguna þá stóð ég ísköld við appelsínugula tal tjaldið og hugsaði, hvernig væri að við værum bara fleiri saman í hverju tjaldi?

Kærar þakkir.

66. FJÓRDUNGSÞING FJÓRDUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Þinggerð

Þingskjal nr. 5A

66. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haust. Haldið á Ísafirði 22. og 23. október 2021.

Þingskjal 5 a

Fjórðungssamband Vestfirðinga - tillaga að fjárhagsáætlun 2022

	Almennings- samgöngur	Atvinnu og nýsköpunarmál	Byggða- þróun	Markaðs- stofa	Menningar- mál	Sóknar- áætlun	Rekstur skrifstofu	Fjárhagsáætlun 2022	Endurskoðuð Fjárhagsáætlun 2021	Ársreikningur 2020	Ársreikningur 2019
Rekstrartekjur											
Framlög ríkissjóðs	0		4.500.000	0	0	98.000.000		102.500.000	110.100.000	141.470.366	191.167.591
Framlög Jöfnunar sjóðs						5.600.000	37.600.000	43.200.000	38.500.000	39.215.124	38.958.704
Framlag Byggðastofnunar		42.562.000						42.562.000	42.562.000	42.562.000	42.693.000
Framlög sveitarfélaga		6.800.000	5.000.000	7.100.000	9.900.000		10.700.000	39.500.000	37.400.000	45.439.069	44.594.712
Aðrar tekjur							10.000.000	10.000.000	10.000.000	7.000.000	16.888.924
Styrkir innan ársins									0	5.000.000	0
Ónotaðir styrkir færðir frá fyrra ári	0	0	0		0	5.361.611	0	5.361.611	31.213.928	53.945.719	71.626.106
Ónotaðir styrkir til næsta árs	0								0	-30.864.539	-62.958.207
Vaxtatekjur							0	100.000	450.000	692.417	2.603.522
Áhrif slita Atvest ehf										3.241.356	0
Áhrif millifærslu á milli deilda tekin út										-5.000.000	
	0	49.362.000	9.500.000	7.100.000	9.900.000	108.961.611	58.400.000	243.223.611	270.225.928	302.701.512	345.574.352
Laun og launatengd gjöld							9.300.000	9.300.000	9.000.000	8.039.604	7.690.303
Framlag til Vestfjarðastofu	0	49.362.000	5.000.000	7.100.000	9.900.000	16.600.000	43.000.000	130.962.000	129.062.000	140.020.848	164.667.988
Áhersluverkefni						26.500.000		26.500.000	46.350.000	59.554.164	30.275.000
Greiddir styrkir		0	0		0	65.861.611		65.861.611	69.753.500	60.800.000	107.200.000
Niðurfelldir styrkir								0		-1.900.000	-1.850.000
Aðkeyptir verktakar	0		4.500.000				0	4.500.000	6.240.000	4.146.850	34.993.640
Aðkeypt sérfræðisþjónusta	0						0	0	6.070.428	19.292.685	0
Annar skrifstofukostnaður							3.000.000	3.000.000	1.800.000	1.734.035	1.467.777
Styrkir innan ársins										5.000.000	0
Niðurfærsla viðskiptakrafna (Markaðsstofa, ár gjöld, sýningabátttaka)								0	0	534.500	900.000
Önnur gjöld							10.000.000	10.000.000	10.000.000	7.000.000	0
Fyrningar							0	0	0	29.614	9.495
Vaxtatekjur/(vaxtagjöld)										0	26.159
Áhrif millifærslu á milli deilda tekin út										-5.000.000	
	0	49.362.000	9.500.000	7.100.000	9.900.000	108.961.611	65.300.000	250.123.611	278.275.928	299.252.300	347.642.518
Rekstrarniðurstaða	0	0	0	0	0	0	-6.900.000	-6.900.000	-8.050.000	3.449.212	-2.093.728

Pingskjal nr. 5B

Fjárhagsáætlun og starfsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2022.

Rekstartekjur.

Rekstrartekjur er alls áætlaðar 243,2 mkr og lækka um 59,5 mkr frá árinu 2020 og 27 mkr frá endurskoðaðri fjárhagsáætlun, að meginhluta vegna minna fjármagns til verkefna og lækkun á ráðstöfun ónýttar styrkja frá fyrri árum.

- **Framlög Ríkissjóðs**

Framlög ríkissjóðs lækka frá árinu 2020 um 39 mkr, sem skýrist af einskíptis fjármagni sóknaráætlunar 25,2 mkr sem rann til átaksverkefnis vegna heimsfaraldurs kórónuveiru og lækka um 7,6 mkr frá endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2021, sömuleiðis vegna einskíptis framlags til sóknaráætlunar. Framlag til samnings um Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024 er áætlað 98 mkr á árinu 2022, er það samkvæmt ákvæðum samningsins en gæti lækkað við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2022. 4,5 mkr er fyrri hluti framlags samnings til verkefnafjármagns úr C9 verkefni Bygðaaætlunar *Náttúruvernd og efling ferðaþjónustu*. Sótt verður um verkefnaframlagi úr C1 verkefni Bygðaaætlunar en umsóknarfrestur er ekki liðinn og fjárhæð því ekki tilgreind.

- **Framlög Jöfnunarsjóðs.**

Heildarframlag nemur 43,2 mkr, sem er 4 mkr hækkun miðað við árið 2020 og 4,7 mkr miðað við endurskoðaða áætlun 2021.

Framlagið skiptist upp í tvo hluta. Annars vegar fá landshlutasamtök sveitarfélaga samkvæmt reglugerð um Jöfnunarsjóð hlutdeild af almennum tekjum sjóðsins. Áætlað hefur verið að hálfu sjóðsins að framlagið muni nema 37,6 mkr á árinu 2022 sem er hækkun um tæpar 5 mkr miðað við ársreikning 2020 og endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2021, sagt með fyrirvara um afgreiðslu fjárlaga 2022. Framlagið rennur til reksturs skrifstofu FV. Hinsvegar hefur Jöfnunarsjóður á undanförunum árum veitt framlagi til FV vegna reksturs áætlana í umsjón FV s.s. sóknaráætlunar. Ákvörðun um framlag ársins 2022 verður tekin eftir áramót og en gert er ráð fyrir sömu fjárhæð 5,6 mkr og kynnt var endurskoðaðri fjárhagsáætlun ársins 2021.

- **Framlag Bygðastofnunar.**

Framlag Bygðastofnunar byggir á samningi FV og Bygðastofnunar um atvinnu og byggðapróun á starfsvæði FV. Samningurinn gildir út árið 2022. Gert er ráð fyrir óbreyttu framlagi 42,8 mkr með fyrirvara um afgreiðslu fjárlaga 2022.

- **Framlög sveitarfélaga**

- Framlög aðildarsveitarfélaga FV eru hér áætluð í samræmi við samþykkt tillögu til 66. Fjórðungspings um árstíllag fyrir árið 2022, alls 39,5 mkr. Hér er um **að ræða samtals hækkun ársstíllags að fjárhæð 2,1 mkr** sem kemur til móts við þróun kostnaðar allt frá árinu 2017 hjá Vestfjarðastofu, að þar munar mestu hækkunar launavísitölu en einnig áherslur í verkefnavali.

66. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Þinggerð

Framlagið skiptist á rekstrardeildir;

- Atvinnu og nýsköpunarmál; 6,8 mkr, hér er um að ræða mótframlag á móti samningi við Byggðastofnun um atvinnu og byggðþróun, **hækkun um 300 þkr frá fyrra ári.**
- Byggðaðróun; 5 mkr. hér er framlag til reksturs Umhverfissvottunar sveitarfélaga Earth Check, **með hækkun um 1 mkr frá síðasta ári, til móts við aukna áherslu í málaflokknum.**
- Markaðsskrifstofa. 7,1 mkr, hér er um að ræða mótframlag á móti samningi Vestfjarðastofu við mótframlag á móti framlögum Ferðamálastofu vegna Áfangastofu, **hækkun um 300 þkr frá fyrra ári.**
- Menningarmál. 9,9 mkr, hér er um að ræða framlag til starfsemi á sviði menningarmála, sú starfsemi er skilgreind sem áhersluverkefni í samningi um Söknaráætlun Vestfjarða 2020-2024. Óbreytt frá fyrra ári.
- Rekstur skrifstofu. 10,7 mkr, hér er um að ræða framlag til reksturs skrifstofu FV, **hækkun um 500 þkr.**

Aðrar tekjur.

Aðrar tekjur 10 mkr eru framlög vegna verkefnaþengdra verkefna í samstarfi við Vestfjarðastofu.

Ónotaðir styrkir.

Ónotaðir styrkir sem færast frá árinu 2020 nema 5,4 mkr, vegna ónýtttra framlaga frá síðasta ári og endurgreiddra styrkja Uppbyggingarsjóðs.

Ónotaðir styrkir til næsta árs.

Reiknað er með að allt verkefnafjármagn sem hafði safnast upp fram til ársins 2019 verði gert upp á árinu 2021 og því flytjist ekkert verkefnafjármagn til ársins 2022.

Rekstargjöld

Rekstargjöld eru alls áætluð um 250,1 mkr og lækka um tæpar 49,1 mkr frá árinu 2020 og 28,2 mkr frá endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2021 mestmegnis vegna lægri útgreiðslu verkefnafjármagns. Áætlað er að rekstargjöld verði 6,9 mkr hærri en rekstrarframlög, verði þessum halla mætt með framlagi af eigin fé Fjórðungssambandsins, en það nam í árslok 2020 um 47,4 mkr.

Laun og launatengd gjöld. Alls 9,3 mkr sem er áætlaðar greiðslur til LSR vegna lífeyrisskuldbindingar FV. Telst hluti af rekstri skrifstofu FV og tillaga hér gerð að verði mætt með framlagi af eigin fé Fjórðungssambandsins sem nemur halla á rekstri deildarinnar.

66. FJÓRÐUNGSPING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Pinggerð

Framlag til Vestfjarðastofu. Alls áætlað 131 mkr og er ráðstafað samkvæmt rekstrarsamningi FV og Vestfjarðastofu skiptist á eftirfarandi deildir,

- Almenningsamgöngur, ekki er gert ráð fyrir starfsemi en haldið inni til samanburðar við fyrri ár.
- Atvinnu og nýsköpunarmál, 49,4 mkr, til að vinna að verkefnum samkvæmt samningi FV við Byggðastofnun um atvinnu og byggðþróun
- Byggðþróun. 5 mkr vegna umsjónar með umhverfissvottun sveitarfélaga.
- Markaðsstofa, 7,1 mkr, til að vinna að verkefnum á sviði markaðsmála ferðaþjónustu / Áfangastofu Vestfjarða.
- Menningarmál. 9,9 mkr til að vinna að menningarstarfi sem áhersluverkefni samkvæmt samningi um Sóknaráætlun Vestfjarðar 2020-2024.
- Sóknaráætlun 16,6 mkr. Framlag til reksturs Sóknaráætlunar Vestfjarða (11 mkr) og sértæk verkefni Byggðaáætlunar (5,6 mkr).
- Rekstur skrifstofu FV. 43 mkr. Til reksturs skrifstofu FV, framkvæmdastjórn, stjórn FV, nefndir FV, sérfræðivinna, húsnæði og tæki. 34,6 mkr greiðist af framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélagi og 10,7 mkr af framlagi sveitarfélaga.

Áhersluverkefni. 26,5 mkr. Áhersluverkefni sem Vestfjarðastofa vinnur að samkvæmt ákvörðun samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Vestfjarða og staðfest voru af stjórn FV árið 2020. Fjallað er um áhersluverkefni í skýrslu til Fjórðungspings um starfsemi Sóknaráætlunar Vestfjarða.

Greiddir styrkir. 65,9 mkr. 60,5 mkr úthlutun Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða fyrir árið 2021, sett með fyrirvara um afgreiðslu fjárlaga 2022, 5,4 mkr vegna endurúthlutunar styrkja fyrir ára.

Aðkeyptir verktakar. 4,5 mkr, helmingur af fjármagni samkvæmt samnings við Umhverfis og auðlindaráðuneyti um C9 verkefni Byggðaáætlunar, *Náttúruvernd og efling ferðaþjónustu - Breiðafjarðarverkefni.*

Aðkeypt sérfræðiþjónusta. 0,-.

Annar skrifstofukostnaður. 3 mkr, endurskoðun og aðkeypt ráðgjöf.

Önnur gjöld. 10 mkr, Önnur gjöld 10 mkr, eru útgjöld vegna verkefnatengdra verkefna í samstarfi við Vestfjarðastofu.

Rekstarniðurstaða.

Rekstarniðurstaða er neikvæð um 6,9 mkr sem verði mætt með lækkun eigin fjár.

66. FJÓRÐUNGSPING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Pinggerð

Pingskjal nr. 5C

Tillaga um árstíllag sveitarfélaga til Fjórðungssambands Vestfirðinga á grundvelli 7. gr samþykkt

	Íbúar	Árstíllag 2022	Árstíllag		Árstíllag 2021	Árstíllag
	1.ágú.21		pr. íbúa			pr. íbúa
Reykholahreppur	231	1.270.999 kr.	5.502,16 kr.		1.203.427 kr.	5.256,50 kr.
Vesturbyggð	1.120	6.162.418 kr.	5.502,16 kr.		5.834.796 kr.	5.256,50 kr.
Tálknafjarðarhreppur	262	1.441.566 kr.	5.502,16 kr.		1.364.925 kr.	5.256,50 kr.
Bolungarvík	936	5.150.021 kr.	5.502,16 kr.		4.876.222 kr.	5.256,50 kr.
Ísafjarðarbær	3.831	21.078.771 kr.	5.502,16 kr.		19.958.128 kr.	5.256,50 kr.
Súðavíkurhreppur	210	1.155.453 kr.	5.502,16 kr.		1.094.024 kr.	5.256,50 kr.
Árneshreppur	42	231.091 kr.	5.502,16 kr.		218.805 kr.	5.256,50 kr.
Kaldrananeshreppur	108	594.233 kr.	5.502,16 kr.		562.641 kr.	5.256,50 kr.
Strandabyggð	439	2.415.448 kr.	5.502,16 kr.		2.287.032 kr.	5.256,50 kr.
	7.179	39.500.000			37.400.000	



Fjárhags og starfsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2022

Tekjur – skipting árstíllags sveitarfélaga á deildir

- **Framlög sveitarfélaga**
 - Framlög aðildarsveitarfélaga FV eru hér áætluð í samræmi við samþykkt tillögu til 66. Fjórðungspings um árstíllag fyrir árið 2022, alls 39,5 mkr. Hér er um **að ræða samtals hækkun ársstíllags að fjárhæð 2,1 mkr** sem kemur til móts við þróun kostnaðar allt frá árinu 2017 hjá Vestfjarðastofu, að þar munar mestu hækkunar launavísitölu en einnig áherslur í verkefnavali.
- Framlagið skiptist á rekstrardeildir;
- Atvinnu og nýsköpunarmál; 6,8 mkr, hér er um að ræða mótframlag á móti samningi við Byggðastofnun um atvinnu og byggðþróun, **hækkun um 300 þkr frá fyrra ári.**
 - Byggðaðþróun; 5 mkr. hér er framlag til reksturs Umhverfissvottunar sveitarfélaga Earth Check, **með hækkun um 1 mkr frá síðasta ári, til móts við aukna áherslu í málaflokknum.**
 - Markaðsskrifstofa. 7,1 mkr, hér er um að ræða mótframlag á móti samningi Vestfjarðastofu við mótframlag á móti framlögum Ferðamálastofu vegna Áfangastofu, **hækkun um 300 þkr frá fyrra ári.**
 - Menningarmál. 9,9 mkr, hér er um að ræða framlag til starfsemi á sviði menningarmála, sú starfsemi er skilgreind sem áhersluverkefni í samningi um Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024. Óbreytt frá fyrra ári.
 - Rekstur skrifstofu. 10,7 mkr, hér er um að ræða framlag til reksturs skrifstofu FV, **hækkun um 500 þkr.**



Fjárhags og starfsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2022.

Gjöld – ráðstöfun til verkefna Vestfjarðastofu

Framlag til Vestfjarðastofu. Alls áætlað 131 mkr og er ráðstafað samkvæmt rekstrarsamningi FV og Vestfjarðastofu skiptist á eftirfarandi deildir,

- Almenningsamgöngur, ekki er gert ráð fyrir starfsemi en haldið inni til samanburðar við fyrri ár.
- Atvinnu og nýsköpunarmál, 49,4 mkr, til að vinna að verkefnum samkvæmt samningi FV við Byggðastofnun um atvinnu og byggðþróun
- Byggðaðróun. 5 mkr vegna umsjónar með umhverfisstjórn sveitarfélaga.
- Markaðsstofa, 7,1 mkr, til að vinna að verkefnum á sviði markaðsmála ferðaþjónustu / Áfangastofu Vestfjarða.
- Menningarmál. 9,9 mkr til að vinna að menningarstarfi sem áhersluverkefni samkvæmt samningi um Sóknaráætlun Vestfjarðar 2020-2024.
- Sóknaráætlun 16,6 mkr. Framlag til reksturs Sóknaráætlunar Vestfjarða (11 mkr) og sértæk verkefni Byggðááætlunar (5,6 mkr).
- Rekstur skrifstofu FV. 43 mkr. Til reksturs skrifstofu FV, framkvæmdastjórn, stjórn FV, nefndir FV, sérfræðivinna, húsnæði og tæki. 34,6 mkr greiddist af framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og 10,7 mkr af framlagi sveitarfélaga.



Fjárhags og starfsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2022

Rekstartekjur.

Rekstrartekjur er alls áætlaðar 243,2 mkr og lækka um 59,5 mkr frá árinu 2020 og 27 mkr frá endurskoðaðri fjárhagsáætlun, að meginhluta vegna minna fjármagns til verkefna og lækkun á ráðstöfun ónýtttra styrkja frá fyrri árum.

Rekstargjöld

Rekstargjöld eru alls áætluð um 250,1 mkr og lækka um tæpar 49,1 mkr frá árinu 2020 og 28,2 mkr frá endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2021 mestmegnis vegna lægri útgreiðslu verkefnafjármagns. Áætlað er að rekstrargjöld verði 6,9 mkr hærri en rekstrarframlög, verði þessum halla mætt með framlagi af eigin fé Fjórðungssambandsins, en það nam í árslok 2020 um 47,4 mkr.



66. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Þinggerð

Þingskjal nr. 5d

66. Fjórðungsþings Vestfirðinga, haust, haldið 22. og 23. október 2021

Tillaga um laun og þóknun stjórnar og nefnda Fjórðungssambands Vestfirðinga

Stjórnarformaður: 9% af gildandi þingfararkaupi í mánaðarlaun (kr 115.687) og 2% (kr 25.708) af þingfararkaup fyrir aðra fundi en stjórnarfundi.

Aðrir stjórnarmenn: 4,5% (kr 57.843) fyrir stjórnarfundi

Formenn nefnda/ráða: 4,5% (kr 57.843) fyrir fund

Fulltrúar nefnda/ráða: 3% (kr 38.562) fyrir fund

Gildandi þingfararkaup þann 1. júlí 2021, er kr. 1.285.411,-.

Greinargerð:

Tillagan byggir á tillögu starfsháttanefndar Vestfjarðastofu um þóknun stjórnar Vestfjarðastofu á ársfundi á Reykhólum, þann 2. júní 2021. Tillagan felur í sér óbreytt hlutfall af þingfararkaupi líkt og á síðasta ári.

Laun stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga greiðast sem hluti af stjórnarsetu í Vestfjarðastofu. Í starfsáætlun er gert ráð fyrir tveim stjórnarfundum á ári á vegum stjórnar Fjórðungssambands, laun fyrir þessa fundi greiðast af Vestfjarðastofu.

Laun nefnda eru greidd af Vestfjarðastofu

Þingskjal nr. 6

Ályktun um samgöngumál

66. Fjórðungsþings Vestfirðinga, haustþing haldið á Ísafirði 22. og 23. október 2021 ályktar um samgöngumál. Samgöngumál eru grundvöllur fyrir uppbyggingu atvinnulífs og samfélaga á Vestfjörðum. Vestfirðir hafa staðið aftar öðrum landshlutum á öllum sviðum samgöngukerfisins. Fjórðungsþing Vestfirðinga krefst þess að samgöngumál á Vestfjörðum verði sett í forgang og vísar til eftirfarandi greinargerðar.

Greinargerð.

Vegaþjónusta.

Fjórðungsþing Vestfirðinga gerir þá kröfu að við endurskoðun samgönguáætlunar að vegþjónusta verði gerð að lykilviðfangsefni áætlunarinnar og þá sérstaklega vetrarþjónusta. Ekki er lengur við það unað að fjárheimildir fjárlaga rammi inn þjónustuna og gefa lítinn sveigjanleika gagnavart veðurlagi hvers árs eða auknum þörfum atvinnulífs og samfélaga. Gerð er sú krafa að fjármagn verði aukið til verkefnisins og koma á viðtækara samráð um framkvæmd vetrarþjónustu.

Sett verði að framtíðarmarkmiði að lykilviðfangsefnið í vegþjónustu, að allir byggðakjarnar búi við sólarhringsþjónustu á stofnvegum, óháð íbúafjölda en strjálbýli frá snemma morguns til miðnættis. Slíkt tryggir einnig áætlanir flutningsaðila, þjónustu fyrirtækja innan landshluta og þjónustu fyrirtækja frá höfuðborgarsvæðinu s.s. dagvöruverslanir.

66. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Pinggerð

Þjónustustig verði þó strax aukið á Vestfjörðum með tilliti sérstöðu landshlutans þar sem stofnvegir liggja um 14 fjallvegi og eða vegi um ofanflóðavæði, en á síðustu þrem árum hafa þeir lokast að meðaltali um 280 sinnum á ári. Horft verði einnig til mjög hraðs vaxtar í atvinnulífi og samfélögum og þeirrar stöðu að starfsemi fyrirtækja og þjónusta á Vestfjörðum er nú orðin líkt og á höfuðborgarsvæðinu þar sem er „samfélag er aldrei sefur“.

Bætt vegapjónusta er einnig liður í framkvæmd stefnu í sveitarstjórnarmálum er stefnir á stækkun sveitarfélaga með tilheyrandi fjölgun fjölkjarnasveitarfélaga og tryggir tengingu byggðakjarna innan þeirra.

Eins er ljóst að íbúar sem búa við ótrygga vetrarvegi og vetrarþjónustu vegra sig við að aka þar um í daglegri vinnu og eða þjónustusókn. Kemur þetta m.a. fram í viðhorfskönnun Vestfjarðastofu og þar kemur eins fram að herra hlutfall kvenna en karla lætur þetta viðhorf í ljós, vetrarþjónusta er því einnig jafnréttismál.

Fjórðungsþing Vestfirðinga bendir hér að lokum á algjöra sérstöðu samfélagsins í Árneshreppi, sem er hið eina í landinu, sem er neitað um aðflutninga á landi hluta ársins (janúar – mars) með svokallaðri G reglu í snjómokstri. Reglu sem komið var á í framhaldi af efnahagshruni 2008 en fæst ekki afnumin með vísan til kostnaðarauka (sem hefur verið metinn innan við 20 mkr á ári). Hér er um að ræða, með fyrirvara um mikil snjóalög, að hækka þjónustustig úr G reglu í F reglu sem heimilar mokstur tvisvar í viku. Öðrum samfélögum eru tryggðar ferjusamgöngur ef vegur er ekki í boði, Grímsey, Flatey og Vestmannaeyjar, eða þegar vegir lokast um langa hríð s.s. Mjóafirði eystri.

Vestfjarðavegur 60 um Gufudalssveit og Dynjandisheiði, Bíldudalsvegur.

Fjórðungsþing Vestfirðinga fagnar þeim verkefnum sem nú er unnið að á Vestfjarðavegi 60 í Gufudalssveit og á Dynjandisheiði.

Fjórðungsþing Vestfirðinga ítrekar hér kröfu fyrri ára, að tenging Vestfjarðavegar 60 og Bíldudalsvegur úr Arnarfirði sé unnin samhliða framkvæmdum á Vestfjarðavegi 60. Kostir við framkvæmd á Bíldudalsvegi er að vinna má að framkvæmdum að vetrarlagi og opnar fyrr á aukna afþreyingu í ferðapjónustu í suðurfjörðum Arnarfjarðar.

Telur Fjórðungsþing Vestfirðinga að tímarammi framkvæmda á Bíldudalsvegi sé því ekki í takt við uppbyggingu samfélaga og atvinnulífs á sunnanverðum Vestfjörðum s.s. í fiskeldi og ferðapjónustu. Horfa ber því heildstætt á þessi þrjú verkefni og vinna þau innan Samgönguáætlunar 2020-2024. Með þessum hætti verður einnig hraðað þeim þjóðhagslegum ávinningi sem næst af opnun Dýrarfjarðargangna samhliða endurnýjun Vestfjarðavegar 60 og Bíldudalsvegur.

Innstrandavegur.

Fjórðungsþing Vestfirðinga harmar að endurnýjun vegkafli Innstrandavegar milli Heydalsár og Þorpa hafi ekki verið flýtt og hann unnin sem hluti af fjárfestingarátaki stjórnvalda vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Samkvæmt Samgönguáætlun 2020-2034 á að vinna að verkefninu á tímabilinu 2025-2029, en um er að ræða endurnýjun og setja bundið slitlag á 5 km malarveg og ná þá loks samhangandi vegi með slitlagi frá Hólmavík í botn Kollafjarðar, framkvæmdakostnaður áætlaður 300 mkr.

Staða Strandabyggðar er alvarleg er nú leitað allra leiða til að bæta búsetuskilyrði í sveitarfélaginu. Urbætur í innviðum er hér lykilþáttur en umræddur vegkafli er hluti af daglegri vinnu og skólasókn íbúa í Strandabyggð. Í nýrri stefnumörkun Alþingis um málefni sveitarfélaga, er lögð áhersla á að

66. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Pinggerð

stýðja við þætti er auka samvinnu eða sameiningu sveitarfélaga. Telur Fjórðungsþing Vestfirðinga því rétt að minna á að umræddur vegkafli var innan Kirkjubólshrepps. Nú eru liðin 19 ár frá sameiningu Hólmavíkshrepps og Kirkjubólshrepps undir nafni Hólmavíkshrepps og 15 ár frá sameiningu Broddaneshrepps undir nafni Strandabyggðar.

Fjórðungsþing Vestfirðinga krefst síðan að endurnýjun Innstrandavegar frá Kollafirði að Guðlaugsvík verði settur á samgönguáætlun, er það í takti við kröfu í Samgönguáætlun sveitarfélaga á Norðurlandi Vestra um lagfæringar á Innstrandavegi frá Prestbakka að Guðlaugsvík.

Veiðileysuháls.

Fjórðungsþing Vestfirðinga tekur undir kröfugerð verkefnisstjórnar Áfram Árneshreppur frá í apríl 2021 um að

Vegagerð yfir Veiðileysuháls verði flýtt frá því sem gert er ráð fyrir í núverandi samgönguáætlun og verkefninu lokið í síðasta lagi á árinu 2023. Afar mikilvægt að lokið verði við allan undirbúning verksins á árunum 2021 og 2022. eins er tekið undir að í næstu samgönguáætlun verði sett á áætlun verkefni sem tryggi bættar heilsársamgöngur alla leið í Norðurkjörð

Árneshreppur mun ljúka fimm ára þátttöku í verkefninu Brothættar byggðir á árinu 2022 undir heitinu Áfram Árneshreppur. Verkefnið hefur eflt ferðaþjónustu, samfélagið og menningu og á árinu 2021 hófst lagning ljósleiðara og þrífösun rafmagns með sérstöku átaksverkefni. Hinsvegar hefur uppbyggingu vegsamgangna verið ítrekað frestað. Nýta verður þá stöðu að umhverfismati framkvæmda á Veiðileysuhálsi er nær lokið og hönnun vegstæðis er hafin. Ef fjármagn verður eyrnamerkt framkvæmdinni á þessu ári þá má ætla að bjóða megi verkefni út í upphafi árs 2022. Með þessum hætti eru stjórnvöld að staðfesta vilja sinn og trú á framtíð samfélagsins í Árneshreppi og fylgja þar með eftir þingsályktun Alþingis um verndun búsetu og menningar í Árneshreppi og stefnumörkun verkefnisins Áfram Árneshreppur.

Jarðgangaáætlun.

Fjórðungsþing Vestfirðinga hvetur stjórnvöld að hraða vinnu að gerð nýrrar Jarðgangaáætlunar. Í þeirri vinnu verði settar í forgang tillögur sem koma fram stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum, *Jarðgangaáætlun Vestfjarða*, þar sem sett er markmiði að koma á hindrunarlausum samgöngum á innan atvinnusvæðanna á norðan og sunnanverðum Vestfjörðum.

- Jarðgöng milli í Súðavíkur og Ísafjarðar (Álftafjarðargöng).
- Jarðgöng undir Mikladal og Hálfán í einni framkvæmd.
- Hafin vinna að uppfærslu jarðganga undir Breiðadalsheiði og Botnsheiði, með breikkun leggins undir Breiðadalsheiði.

Vegatengingar á milli samfélaga á Vestfjörðum sem voru byggðar voru upp á níunda og tíunda áratug síðustu aldar tóku mið af stöðu atvinnulífs og fyrirkomulagi þjónustu á þeim tíma. Eins var það viðhorf til staðar, að láta reyna á vegi sem lægju um há fjöll eða hlíðar með stöðugri ofanflóðahættu.

Þessar lausnir fortíðar eru óásættanlegar fyrir hina hröðu uppbyggingu samfélaga og atvinnulífs. Nú er starfsemi fyrirtækja og þjónusta á Vestfjörðum að vera líkt og á höfuðborgarsvæðinu þar sem er „samfélag er aldrei sefur“. Lokanir vega vegna veðurs og núverandi skipulag vetrarþjónusta er því bein hindrun fyrir framþróun og skerða samkeppnisstöðu landshlutans og samkeppnisstöðu Íslands í lykilatvinnugreinum. Minna má hér á að hlutur fiskeldis á Vestfjörðum er áætlaður að muni nema um 3%? af þjóðarframleiðslu eða milljarðar.

66. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Pinggerð

Öryggismál á vegum.

Fjórðungsþing Vestfirðinga krefst að hraðað verði uppbyggingu háhraðafjarnets í vegakerfinu og það verði hið sama óháð umferð á vegum þ.e. 30 Mb/s en ekki tímabundið 10 Mb/s. Við þessa aðgerð má ætla að GSM samband batni um leið og dauðir punktar í kerfinu munu hverfa. Oft fer saman aukin áhætta á ferðum um fáfarna vegi fjarri byggð og eða þar sem vetrarveður leiða til lokunar vega eða ofanflóðahættu. Eins verður að telja að minni kröfur til á gæði gagnasambands skapar og falskt öryggi fyrir vegfarendur. Jafnframt er skorað á stjórnvöld að greiða nú þegar úr þeim vandamálum sem hafa skapast þegar reikisamband virkar ekki á akstri um vegi á Vestfjörðum. Fjórðungsþing Vestfirðinga leggur síðan til að farið verði í úrbætur á útvarpssambandi á vegum og í jarðgöngum enda er hér hluti af öryggiskerfum landsins.

Ferðamannvegir – tengivegir

Fjórðungsþing Vestfirðinga skorar á stjórnvöld að stórauka fjármagn til endurbóta og viðhalds á stofn- og tengivegum á Vestfjörðum. Einnig að því beint til Vegagerðar að endurskoða viðmið í forgangsröðun viðhaldsverkefna, taka verður mun meira tillit til áhrifa þungaflutninga og aukinni umferð ferðamanna.

Innan fimm ára má reikna með að ársframléiðsla í sjókvíaelði á Vestfjörðum verði yfir 50 þúsund tonn frá því að vera um 25 þúsund tonn á þessu ári. Flutningur afurða og aðfanga mun því enn aukast frá því sem nú er og viðhald og endurbætur vegakerfisins þarf að taka mið af því.

Ferðabjónusta á Vestfjörðum er einnig í örum vexti og verkefnið Vestfjarðaleiðin hefur fengið mikla athygli erlendis frá. Verkefnið Vestfjarðaleiðin byggir á tvennu, annarsvegar hringvegum um Vestfirði sem nýtir stofnvegakerfið og hins vegar vegir út frá hringnum sem er tengivegakerfið. Hér fara því saman verkefni sem stuðla að betri tengingum fyrir dreifbýli en opnar um leið ný tækifæri fyrir skipulag ferðamannaleiða um Vestfirði. Um er að ræða vegkafla um alla Vestfirði s.s. út á Látrabjarg, Rauðasand, Ketildali og Unaðsdal (Kaldalón) o.fl.

Hafnarmál.

Vaxandi umsvif í höfnum á Vestfjörðum vegna fiskeldis, sjávarútvegs, móttaka skemmtiferðaskipa og nýting kalkþörungs, kalla á aukið fjármagn og flýtingu framkvæmda. Við hafnaframkvæmdir verði einnig tekið mið af áætlun stjórnvalda um orkuskipti.

Flugmál.

Fjórðungsþing Vestfirðinga lýsir miklum áhyggjum af langtíma áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru á innanlandsflug. Gerð er krafa á stjórnvöld að horfa til innanlandsflugs sem lykilþáttar fyrir þróun samfélaga og atvinnulífs og ekki verði dregið úr framlögum vegna stöðu dagsins í dag. Horfa ber til að orkuskipti í innanlandsflugi eru nú til skoðunar hjá stjórnvöldum en við fyrstu athugun verður að telja að um umbyltingu geti orðið frá því sem er í dag.

Hér einnig ítrekuð krafa vestfirskra sveitarfélaga um hækkun á framlögum til innanlandsflugs og auknu fjármagni verði veitt til viðhalds og endurbóta á flugvöllum á Gjögri, Bíldudal og Ísafirði. Aukið verði framlag að bæta flugleiðsögn og uppsetningu hindranaljósa m.a. við Bíldudalsflugvöll. Þá minnir Fjórðungsþing á mikilvægi Reykjavíkurflugvallar fyrir samgöngur á milli landsbyggðar og höfuðborgar.

Áætlunarflug á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, Bíldudals og Gjögurs eru mikilvægustu almenningssamgöngur Vestfirðinga og lífæð byggðanna stóran hluta ársins. Fylgja þarf náið eftir að ríkisstyrkur til flugs á Bíldudal og Gjögurs uppfylli þarfir samfélaga og atvinnulífs s.s. með fjölgun ferða í hverri viku og nægt sætaframboð sé til staðar. Loftbrúin sem tók gildi á síðasta ári er hér einnig mikilvægur þáttur.

66. FJÓRÐUNGSPING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Pinggerð

Almenningssamgöngur

Lýst er áhyggjum af innleiðing heildarstefnu í almenningssamgöngum utan höfuðborgarsvæðis. Stjórnvöld hafa sett fram áhugaverða stefnu um eflingu almenningssamganga innan atvinnusvæða og þjónustusókn á milli landshluta en framlög til málaflokksins samkvæmt fjárlögum og fjármálaáætlun verða lækkuð á næstu árum og því erfitt að sjá hvernig almenningssamgöngur utan höfuðborgarsvæðisins geti gengið.

Gjaldtaka í jarðgöngum.

Fjórðungsþing Vestfirðinga harmar samþykkt Alþingis í Samgönguáætlun 2020-2034 um að til framtíðar litið verði tekin upp gjaldtaka í jarðgöngum. Jarðgöng á Íslandi, að undanteknum Hvalfjarðargöngum og Vaðlaheiðargöngum, hafa verið sett í framkvæmd til að leysa af hættulega fjallvegi eða fjallshlíðar með viðvarandi ofanflóðahættu. Þannig hefur verið komið á jafnræði íbúa landsins með því að byggja upp öruggar heilsársamgöngur milli sveitarfélaga og eða milli byggðarlaga innan sveitarfélaga. Fjórðungsþing Vestfirðinga getur eingöngu fallist á gjaldtöku í jarðgöngum ef tryggt er að önnur heilsársleið sé fær.

Þingskjal nr. 7

Ályktun um orkumál á Vestfjörðum:

66. Fjórðungsþings Vestfirðinga, haustþing haldið á Ísafirði 22. og 23. október 2021 hvetur iðnaðarráðherra að beina því til starfshóps ráðherra um orkumál á Vestfjörðum, að hraða störfum og setja sér markmið um að skila niðurstöðu á fyrri hluta árs 2022.

Alþingi samþykkti árið 2018 að Vestfirðir verði í forgangi varðandi raforkumálum samkvæmt þingsályktun um afhendingaröryggi raforku. Eins eru sett að markmiði að flutningskerfi raforku verði hringtengt í hverjum landshluta fyrir lok árs 2030 og öll byggðarlög fyrir lok árs 2040. Iðnaðarráðherra lagði fram á Alþingi í febrúar 2021 ný stefnuskjöl stjórnvalda um orkumál á Íslandi. Þar eru sett fram markmið sem eiga að stuðlað jöfnun samkeppnisstöðu landshluta um aðgengi og afhendingaröryggi raforku.

Uppbygging atvinnulífs og samfélaga á Vestfjörðum hefur gengið hratt fyrir sig á undanförunum árum auk þess sem ný markmið hafa verið sett um að hraða orkuskiptum. Markmið stjórnvalda í orkustefnu styðja við þessa þróun en ekki hafa verið settar fram tímasett verkefni til að ná því markmiði á Vestfjörðum. Að óbreyttu mun þessi staða nær stöðva framþróun samfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum.

Ítarlegar greiningar um afhendingaröryggi raforku og stöðu orkumála samfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum er að finna í skýrslum starfshópa iðnaðarráðherra allt frá árinu 2011. Eins liggja fyrir greiningar og drög að tillögum til úrlausnar um hið sama, í skýrslum Landsnets og í Kerfisáætlunum Landsnets á síðustu árum, auk umsagna Fjórðungssambands Vestfirðinga og fleiri aðila um þær áætlanir. Um er að ræða tillögur um tvöföldun Vesturlínu og stuðla eigi að uppbyggingu nýrra vatnsaflsvirkjana.

Fjórðungsþing Vestfirðinga skora því á iðnaðarráðherra að nýr starfshópur ráðherra um orkumál á Vestfjörðum, nýti þau gögn sem liggja nú þegar fyrir og skili tillögu um tímasett verkefni á fyrri hluta árs 2022.

66. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Pinggerð

Pingskjal nr. 8

Ályktun um byggðapróun og auðlindastýringu

66. Fjórðungsþings Vestfirðinga, haustþing haldið á Ísafirði 22. og 23. október 2021, hvetur sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra til að fresta framlagningu frumvarps, um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu o.fl). Einnig verði frestað framlagningu frumvarps um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni).

Stofnað verði til starfshóps með aðkomu sveitarfélaga, ráðuneyta, stofnana, háskólasamfélags, veiðiréttarhafa og afurðavinnslna. Vinna starfshópsins verði móta stefnu um sjálfbæra nýtingu staðbundinna nytjastofna á grundvelli greiningar á áhrifum af hagkvæmri nýtingu svæðisbundinna nytjastofna á byggðarlög, lífríki og vistkerfi.

Ný frumvörp verði lögð fram sem samþætti markmið um sjálfbæra nýtingu staðbundinna nytjastofna og markmið um eflingu byggðarlaga sem tengd eru nýtingu þeirra.

Greinargerð.

Meginmarkmið laga um fiskveiðistjórnun og nýtingu nytjastofna er stuðla að sjálfbærri og hagkvæmri nýtingu fiskistofna sem leiði til traustar atvinnu og byggðar í landinu. Framkvæmd laganna gagnvart helstu nytjastofnum verið sú að hagkvæm nýting nytjastofns leiði til öflugar byggðar um land allt án sértækrar staðsetningar.

Sérstaða við nýtingu sjávargróðurs og grásleppu umfram aðra nytjastofna sem falla undir lög um fiskveiðistjórnun, er hversu staðbundin nýtingin er og hversu afgerandi nýtingin er fyrir vöxt og viðgang einstakra byggðarlaga. Staða samfélaga á Vestfjörðum sem nýta þessar auðlindir er einnig viðkvæm með tilliti til íbúapróunar og efnahagslegrar stöðu. Þeim til stuðnings hafa stjórnvöld og Alþingi sett markmið m.a. í Byggðaáætlun um jákvæða byggðapróun um land allt. Fordast verður þá stöðu að breyting á lögum um fiskveiðistjórnun vinni gegn settum markmiðum í byggðamálum og auki óöryggi um framtíð samfélaganna. Þess í stað ætti að vinna að samþættingu markmiða laga um fiskveiðistjórnun og markmiða í byggðamálum.

Fjórðungsþing Vestfirðinga telur það því réttmæta kröfu, að sjónarmið er varða hagsmuni þessara samfélaga verði tekin til umfjöllunar við breytingu á lögum um fiskveiðistjórnun. Einnig telur Fjórðungsþing Vestfirðinga að málefnið skarist við skipulagsáætlanir sveitarfélaga og áætlanir stjórnvalda s.s. Landskipulagsstefnu og efla verði rannsóknir á lífríki, vistkerfum og tengsl samfélaga og auðlindanýtingar. Er það krafa Fjórðungsþings Vestfirðinga að stofnaður verði starfshópur með aðkomu sveitarfélaga, ráðuneyta, stofnana, háskólasamfélags, veiðiréttarhafa og afurðavinnslna. Hlutverk starfshópsins verði að greina áhrif nýtingar á efnahag, samfélög, lífríki og vistkerfi og setningu markmiða sem styðja við framþróun samfélaga og tryggi sjálfbærni nytjastofna.

Pingskjal nr. 9

Ályktun um gjaldtöku í sjókvíaeldi.

66. Fjórðungspings Vestfirðinga, haustþing haldið á Ísafirði 22. og 23. október 2021 fagnar gerð „Samfélagssáttmála í fiskeldi“, sem var undirritaður af hálfu sex sveitarfélaga á Vestfjörðum þann 15. júlí 2021.

66. Fjórðungsping Vestfirðinga skorar á stjórnvöld að endurskoða regluverk varðandi sjókvíaeldi. Eldi laxfiska í sjó er atvinnugrein í örum vexti og hafa stjórnvöld ákveðið að það verði aðeins stundað á Vestfjörðum og Austfjörðum.

Skýra þarf lagaumhverfið og opinberagjaldtöku í greininni til að tryggja að þær tekjur sem fiskeldi skapar á Vestfjörðum renni til sveitafélaganna til að byggja upp grunninnviði sem svara kröfum samfélaganna og atvinnulífsins.

- Endurskoða þarf hafnargjöld og aflagjöld til að þau skili viðunandi tekjum til þeirra sveitarfélaga sem þjónustuna veita.
- Endurskoða þarf Umhverfissjóð sjókvíaeldis og tryggja að rannsóknir verði eflar og störfum fjölgað við rannsóknir í nærsamfélögum fiskeldis. Mikilvægt að niðurstöður rannsóknarsjóðsins séu birtar jöfnum höndum.
- Fiskeldissjóð sem samkeppnissjóð þarf að leggja niður en tryggja að fiskeldisgjaldið renni beint til innviðaupbyggingar þar sem eldið er stundað.
- Endurskoða þarf tekjur sveitarfélaga vegna eldiskvía og umsvifa í sjókvíaeldi á þeirra heimasvæði. Krafan er ekki að auka álögur á atvinnugreinina heldur að eðlilegur hluti tekna renni til uppbyggingar og viðhalds innviða sveitarfélaganna.

Jafnframt og samhliða þarf að tryggja uppbyggingu grunninnviða á Vestfjörðum svo svæðið verði samkeppnishæft við aðra landshluta þannig að fyrirtæki og samfélög geti dafnað. Mikilvægt að haft verði náð samráð við sveitarfélögin varðandi uppbyggingu grunninnviði og tekjustofna ríkis og sveitarfélaga varðandi fiskeldi.

Greinargerð

Mikilvægt er að skýra og samræma hvernig sveitarfélög mega leggja hafnar- og afla gjöld á fiskeldisfyrirtæki. Laga- og reglugerðaumhverfi sem sveitarfélögin vinna eftir varðandi fiskeldi hefur haft verulega neikvæð áhrif. Óeðlilegur hvati er í núgildandi löggjöf þannig að sveitarfélög keppast um að fá eldisfiski landað til sín á sama tíma og þjónustuhafnir í fiskeldi hafa litlar sem engar tekjur til að standa undir vaxandi umsvifum. Stærstur hluti tekna sveitarfélaga kemur á

66. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Þinggerð

löndunarstað við sláturhús sem endurspeglar ekki þá nýtingu mannvirkja og þjónustu sem eldið nýtir. Það er því mikilvægt að skýra forsendur gjaldtökkunar og samræma reglurnar á landsvísu.

Þeir óvissuþættir sem uppi eru um gjaldtöku í fiskeldi nú í dag, eru helst að gjaldtakan byggir á hafnarlögum sem eiga við löndun á villtum fiski, sem veldur því að aðeins það sveitarfélag þar sem fiski er dælt á land fær tekjur af fiskeldinu á grundvelli þessarar löggjafar. Lögin ná ekki yfir ef fiski er slátrað á sláturprömmum eða hann fluttur annað til slátrunar sem gefur þá engar tekjur á Vestfjörðum. Tekjur af þjónustubátum eru litlar þó þeir nýti þjónustu og hafnarmannvirki allan ársins hring. Engar tekjur eru af kvíum á fjörðum og því getur sveitarfélag með stórfellt eldi setið uppi með engar tekjur af nýtingu fjarðarins. Fóðri er nær öllu landað beint í pramma og því skapa þau aðföng engar tekjur til sveitafélaganna. Seiðaðisstöðvar skila eingöngu tekjum í formi fasteignagjalda stöðvarinnar.

Tekjustofnar sveitarfélaga vegna fiskeldis hafa ekki verið tryggðir í samræmi við eðli greinarinnar og því er gerð krafa um endurskoðun eftirfarandi þátta:

- a. Að ná utan um heildargjaldtöku af fiskeldi og undir hverju tekjunum er ætlað að standa sem og hvernig þær tekjur skiptast á milli ríkis og sveitarfélaga.
- b. Að tryggja sveitarfélögum, þar sem sjókvíaeldi er stundað, skýrar heimildir til töku gjalda af sjókvíaeldi.
- c. Að tryggja að tekjur af slíkri gjaldtöku standi undir nauðsynlegum verkefnum sveitarfélaga og tryggð sé sjálfbærni hafna og samfélaga þar sem sjókvíaeldi fer fram.
- d. Að vinna að endurskoðun reglugerðar fyrir Umhverfissjóð sjókvíaeldis með það að markmiði að tryggja að rannsóknir og vísindapekking byggist upp í nærumhverfi fiskeldisstarfseminnar.
- e. Að fiskeldissjóður verði lagður niður í þeirri mynd sem hann er. Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga sem unnin var í samráði við Samtök sjávarútvegssveitarfélaga dags. 8. janúar 2020 segir: “Í upphafi telur Samband íslenskra sveitarfélaga óhjákvæmilegt að halda því til haga að við setningu laga um gjaldtöku af fiskeldi lagðist það ásamt Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga eindregið gegn þeirri leið að stofna sérstakan sjóð til að ráðstafa hluta tekna ríkisins af gjaldtöku á fiskeldisstarfsemi. Á allan hátt væri eðlilegra að sveitarfélögin fengju í sinn hlut beina hlutdeild í tekjum af slíkri starfsemi til að standa undir nauðsynlegri innviðaupbyggingu.”
Tryggja þarf að fiskeldisgjald sem nú renna í sjóðinn frá fiskeldisstarfsemi nýttist sveitarfélögum á áhrifasvæði sjókvíaeldis. Tekjustofnar miðist við skýrar úthlutunarreglur á fiskeldisgjalds til uppbyggingar innviða og grunngerðar sveitarfélaga.

Þingskjal nr. 10

3 gr. Fjórðungsþing Vestfirðinga (seinni hluti)

...

Það ár sem sveitarstjórnarkosningar fara fram skal stjórn boða til aukabings fyrir lok júní, þingið skal haldið í fjarfundi. Á dagskrá aukabingsins eru eftirfarandi mál, kosning kjörnefndar og kosning fjárhagsnefndar. Skulu þessar nefndir hefja undirbúning að Fjórðungsþingi að hausti, samkvæmt ákvæðum sem um þær gilda í samþykktum Fjórðungssambands og þingskapa Fjórðungsþings.

Hvað felur tillagan í sér;

Markmið með vorþingi er að stjórn geri grein fyrir verkefnum og rekstri liðins árs og á kosningarári til sveitarstjórna gildir hið sama. En fráfarandi stjórn hefur einnig hlutverk sem starfsstjórn að undirbúa haustþing. Með breytingum á samþykktum 2020 var samþykkt að hafa svigrúm á dagsetningu haustþings frá september til október og stytta þannig tíma sem fráfarandi stjórn er starfandi. Miðað er því við að boða haustþing í byrjun september þegar nýjar sveitarstjórnir hafa að fullu tekið til starfa. Það er hinsvegar ákveðið millibilsástand frá sveitarstjórnarkosningum þar til nýjar sveitarstjórnir taka til starfa í byrjun júní og þá tekur nýja fulltrúa ákveðin tíma að setja sig inn í málefni sveitarfélagsins og eins geta viðræður um myndum meirihluta tekið tíma. Til að gæta samræmis við tillögu um breytingu á 9. gr samþykta um dagskrá vorþings, er tillaga um að þingið kjósi kjörnefnd á miðju kjörtímabili og starfi hún fram að haustþingi. Vorþing á kosningarári sveitarstjórna er vanhæft til að velja í kjörnefnd enda ekki ljóst hvaða sveitarstjórnarfulltrúar verði kjörnir og sama á við fjárhagsnefnd. Því er gert hér að tillögu að haldið verði aukabing og þá í fjarfundi til að auðvelda skipulag. Á aukabingi munu nýkjörnir sveitarstjórnarfulltrúar kynna sig en síðan er gengið til kjörs á kjörnefnd og fjárhagsnefnd sem undirbúi mál fyrir haustþing. Fjárhagsnefnd er ein af fastanefndum Fjórðungssambandsins og yrðu fulltrúar í henni að fá endurnýjað umboð á Fjórðungsþingi.



4. gr. Fulltrúar á Fjórðungsþing og atkvæðaréttur

Fulltrúar á Fjórðungsþingi eru aðalmenn í sveitarstjórn eða varamenn þeirra.

Atkvæðafjöldi hvers sveitarfélags deilist jafnt niður á alla aðalmenn í sveitarstjórn.

Heimilt er sveitarstjórnarmanni að framselja atkvæðarétt sinn til eins eða fleiri þingfulltrúa frá eigin sveitarfélagi, sjái varamaður hans sér ekki fært að mæta í hans stað. Framselji aðalmaður atkvæðarétt sinn til varamanns eða annarra þingfulltrúa, skal hann tilkynna það í sveitarstjórn senda tilkynningu til sveitarstjórnar og afhenda viðkomandi þingfulltrúa undirritaða yfirlýsingu því til staðfestingar ásamt afriti af tilkynningu til sveitarstjórnar. Yfirlýsingu um framsal atkvæðisréttar og tilkynningu til sveitarstjórnar skal þingfulltrúi sem leggja þarf fram við komu á Fjórðungsþing.

Atkvæðisréttur sveitarfélaga á þingum Fjórðungssambands Vestfirðinga skipast þannig: Hvert sveitarfélag hefur 300 atkvæði sem grunnatkvæði. Fyrir hvern einn íbúa sveitarfélagsins bætist við eitt atkvæði. Atkvæðaréttur hvers sveitarfélags ræðst af íbúatölu sveitarfélagsins þann 1. janúar ár hvert.

Hvað felur tillagan í sér; ábending kom fram um að núverandi orðalag mætti skilja sem svo að leggja yrði tilkynningu um framsal atkvæðisréttar á fundi sveitarstjórnar. Hér er tillaga um að setja skýrar fram að hér væri um að ræða einfalda tilkynningu til sveitarstjórnar til upplýsingar um stöðu máls

5. gr. Stjórn Fjórðungssambandsins (fyrri hluti)

Kosning í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga fer fram á haustþingi. Kjósa skal fimm menn í stjórn sambandsins og jafn marga til vara. Kjörtímabil stjórnar eru 24 mánuðir, kosið skal í stjórn á kosningarári sveitarstjórna og aftur að tveimur árum liðnum. Kjörgengir til stjórnar eru aðal- og varafulltrúar í sveitarstjórnunum á Vestfjörðum. **Eigi sveitarfélag ekki stjórnarmann getur það tilnefnt áheyrnarfulltrúa sem hefur seturétt á stjórnarfundum.**

Hvað felur tillagan í sér;

Í skýrslu starfshóps Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytis um starfsemi landshlutasamtaka frá 2020 var bent á að ákveðin lýðræðishalli sé í stjórnunum hluta landshlutasamtaka m.a. að í stjórnunum þeirra séu ekki fulltrúar allra sveitarfélaga sem eiga aðild að samtökunum. Sú tillaga sem hér er sett fram á sér fyrirmynd úr samþykktum Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi. Rétt er að benda á annað fyrirkomulag en hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi eru stjórnarmenn úr öllum sveitarstjórnunum stjórn samtakanna og til viðbótar hefur sveitarfélag með fleiri en 3000 íbúa tvo fulltrúa en önnur einn fulltrúa. Þetta gerir alls 12 manna stjórn.

Rétt er einnig að benda m.t.t. lýðræðishalla, að allir sveitarstjórnarfulltrúar á Vestfjörðum eiga rétt á setu á Fjórðungspingi en í öðrum landshlutasamtökum eru ársfundir fulltrúaráðsfundir með takmörkun á fjölda fulltrúa eftir atkvæðavægi hvers sveitarfélags (þar ræður íbúafjöldi mestu).



5. gr. Stjórn Fjórðungssambandsins (seinni hluti)

..

Úr hópi kjörinna stjórnarmanna kys Fjórðungsping formann stjórnar, en stjórn kys varaformann. Stjórnarformaður, sem gegnt hefur formennsku í fjögur ár samfleytt, er ekki kjörgengur til formannskjörs fyrir en að jafnlöngum tíma liðnum. Ef aðalmaður eða varamaður í stjórn eða nefnd fellur frá eða missir kjörgengi, skal á næsta ársþingi kjósa í hans stað fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtímanum. **Haetti varamaður eða varamaður tekur sæti aðalmanns í stjórn, skal stjórn - að höfðu samráði við heimasveitarfélag - skipa nýja varamann til næsta ársþings.**

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga fer með yfirstjórn á rekstri sambandsins í samræmi við fjárhagsáætlun og aðrar samþykktir. Stjórn vinnur að framkvæmd mála sem Fjórðungsping ákveður hverju sinni eða lög frá Alþingi segja til um. Stjórn er heimilt að hafa frumkvæði að málum og taka upp mál sem sveitarfélög innan sambandsins beina til hennar og varða hagsmuni vestfirskra sveitarfélaga.

Hvað felur tillagan í sér;

Ítrekað hefur komið upp á síðustu árum að aðalmenn eða varamenn í stjórn hafa misst kjörgengi í sveitarstjórn á milli ársþinga. Ef varamaður tekur sæti aðalmanns þá er sæti hans óskipað og veldur það vankvæðum ef aðalfulltrúi forfallast á stjórnarfund, hvort boða eigi aðra varamenn af öðrum svæðum á Vestfjörðum eða boða varamann sem er skipar sæti minnihluta í sveitarstjórn. Hér er tillaga gerð um að stjórn FV leiti til viðkomandi sveitarfélags um skipan nýs varamanns fram að næsta ársþingi en þar er skipan hans endanlega staðfest með kosningu á ársþingi nú eða nýr varamaður kosinn í hans stað.



8. gr. Sérstök málefni sveitarfélaga

Hvorki stjórn, né fundir Fjórðungssambands Vestfirðinga skulu hafa afskipti af sérmálum einstakra sveitarfélaga, nema þess sé óskað af viðkomandi sveitarstjórn, enda gangi afskiptin ekki gegn hagsmunum annarra sveitarfélaga á sambandssvæðinu.

Hvað felur tillagan í sér; Tillagan á sér fyrirmynd úr samþykktum SSA og telur stjórn FV rétt sé að taka upp sama ákvæði í samþykktir FV. Tillagan skýrir sig sjálf en áhrif tillögunnar munu koma fram m.a. í framsetningu á stefnumörkun FV og við skrif á umsögnum

9. gr. Fjórðungsþing að vori

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skal undirbúa og hafa umsjón með Fjórðungsþingi að vori, ár hvert.

Stjórnin leggur fyrir Fjórðungsþing endurskoðaða og áritaða ársreikninga, endurskoðaða fjárhagsáætlun líðandi árs og undirbýr önnur mál fyrir þingið. Bæði ársreikningarnir og endurskoðuð fjárhagsáætlun skulu hafa verið send sveitarstjórnnum eigi síðar en 10 dögum fyrir Fjórðungsþing.

Á dagskrá Fjórðungsþings að vori skulu vera þessi mál;

1. Skýrsla stjórnar og rekstrareininga, sem FV ber ábyrgð á.
2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðenda FV og rekstrareininga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á.
3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir líðandi starfsár.
4. Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis.
5. Kosning kjörnefndar fyrir haustþing á miðju kjörtímabili sveitarstjórna
6. Önnur mál löglega fram borin.
7. Frestun Fjórðungsþings Vestfirðinga

Hvað felur tillagan í sér; Tillaga um kjörnefnd er í dag einungis tilgreind í þingsköpum og þá miðað við að kjörnefnd sé skipuð í upphafi þings. Kjörnefnd hefur því takmarkaðan tíma fyrir sína vinnu og hefur á síðustu árum verið brugðist við því að fá inn tilnefningar sveitarstjórna fyrir þingið og nefndin komið óformlega saman. Með þessari breytingu er fastsett með skipan nefndarinnar á vorþingi og getur hún því tekið til starfa og skilað tillögu til haustþings t.d. með öðrum gögnum 10 dögum fyrir þing.

11. gr. Fastanefndir ATH 3 tillögur

Tillaga A: Óbreytt tilhögun

Á Fjórðungsþingi skulu kosnir fulltrúar í þessar nefndir;

- Í Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs skulu kjörnir fimm fulltrúar. Þrjú fulltrúar úr hópi aðalfulltrúa eða varafultrúa sveitarstjórna á Vestfjörðum, þar af einn fulltrúi af norðanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af sunnanverðum Vestfjörðum og einn fulltrúi af Ströndum/Reykholum. Tveir fulltrúar skulu koma utan Vestfjarða og verði valdir úr atvinnulífi, menningarlífi og rannsókn og háskólastofnunum
- Kjörð skal í tvö fagráð sem fjalli um umsóknir áður en úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs fær umsóknir til afgreiðslu. Í fagráð menningar skulu kjörnir fjórir fulltrúar og í fagráð atvinnuþróunar, nýsköpunar og umhverfismála skulu kjörnir fjórir fulltrúar. Þrjú fulltrúar hvors fagráðs skulu kjörnir með tilliti til þess að einn fulltrúi komi af norðanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af sunnanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af Ströndum/Reykholum og einn utan Vestfjarða. Fulltrúar skulu koma úr atvinnulífi, menningarlífi og rannsókn og háskólastofnunum.
- Í fjárhagsnefnd skulu kjörnir fimm fulltrúar og fimm til vara. Úr hópi kjörinna aðalmanna skal kjósa formann Fjárhagsnefndar með sérstakri kosningu. Fjárhagsnefnd skal vinna með stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, framkvæmdastjóra Vestfjarðastofu og sviðstjóra byggðarmála hjá Vestfjarðastofu, að framlagningu fjárhagsáætlunar og endurskoðaðar fjárhagsáætlunar ár hvert.

Kjörtímabil nefnda skal vera tvö ár og fylgir kosningu stjórnar samanber 5. gr. Þá skal Fjórðungsþing kjósa fulltrúa sambandsins í aðrar nefndir og ráð.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skal stofna til samráðsveitvangs framkvæmdastjóra og oddvita sveitarfélaga á Vestfjörðum sem fundi með stjórn allt að fjórum sinnum á ári.

Hvað felur tillagan í sér:

Óbreytt tilhögun með þrjú nefndir. Til umræðu kom á 65. þingi haust, að leggja nefndina niður og fela stjórn verkefni hennar.

Við kynningu á tillögunni á 66. þingi vor, var tillögunni andmælt. Tillaga A, er þess efnis að halda óbreyttu fyrirkomulagi, á þeim forsendum að samgöngu- og fjarskiptamál séu sem fyrr veigamestu málaflokkar FV og stór verkefni fram undan s.s. jarðgangamál. Mikilvægt sé að halda samfelldri vinnu við þennan málaflokk.

Kostir: Fjórðungurinn er með sérstaka talsmenn til að tala fyrir samgöngum og fjarskiptum.

Gallar: Stjórn er oft að fjalla um sömu efni og því þarf upplýsingaflæði á milli stjórnar og samgöngunefndar að vera skilvirkt til að allir séu á sömu blaðsíðu. Jafnframt mætti skýra hvar í skipuritinu samskiptanefnd fellur svo það sé ekki verið að vinna sömu verkefni á tveimur stöðum.

11. gr. Fastanefndir ATH 3 tillögur

Tillaga B: Samgöngunefnd lögð niður og tímabundinn starfshópur settur í staðinn

Á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga starfa tvær fastanefndir, Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða og Fjárhagsnefnd.

Á Fjórðungsþingi skulu kosnir fulltrúar í þessar nefndir;

- Í Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs skulu kjörnir fimm fulltrúar. Þrjú fulltrúar úr hópi aðalfulltrúa eða varafultrúa sveitarstjórna á Vestfjörðum, þar af einn fulltrúi af norðanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af sunnanverðum Vestfjörðum og einn fulltrúi af Ströndum/Reykholum. Tveir fulltrúar skulu koma utan Vestfjarða og verði valdir úr atvinnulífi, menningarlífi og rannsókn og háskólastofnunum
 - Kjörð skal í tvö fagráð sem fjalli um umsóknir áður en úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs fær umsóknir til afgreiðslu. Í fagráð menningar skulu kjörnir fjórir fulltrúar og í fagráð atvinnuþróunar, nýsköpunar og umhverfismála skulu kjörnir fjórir fulltrúar. Þrjú fulltrúar hvors fagráðs skulu kjörnir með tilliti til þess að einn fulltrúi komi af norðanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af sunnanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af Ströndum/Reykholum og einn utan Vestfjarða. Fulltrúar skulu koma úr atvinnulífi, menningarlífi og rannsókn og háskólastofnunum.
- Í fjárhagsnefnd skulu kjörnir fimm fulltrúar og fimm til vara. Úr hópi kjörinna aðalmanna skal kjósa formann Fjárhagsnefndar með sérstakri kosningu. Fjárhagsnefnd skal vinna með stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, framkvæmdastjóra Vestfjarðastofu og sviðstjóra byggðarmála hjá Vestfjarðastofu, að framlagningu fjárhagsáætlunar og endurskoðaðar fjárhagsáætlunar ár hvert.

Kjörtímabil nefnda skal vera tvö ár og fylgir kosningu stjórnar samanber 5. gr. Þá skal Fjórðungsþing kjósa fulltrúa sambandsins í aðrar nefndir og ráð.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skal stofna til samráðsveitvangs framkvæmdastjóra og oddvita sveitarfélaga á Vestfjörðum sem fundi með stjórn allt að fjórum sinnum á ári.

Hvað felur tillagan í sér:

Tillaga er um að leggja niður samgöngu og fjarskiptanefnd og stjórn fari með málefni sem til hennar hafa heyrt. Stjórn setji samhlíða fram tillögu fyrir Fj.þing að skipaður verði þriggja til fimm manna starfshópur sem einn stjórnarmanna veiti forystu.

Verkefni starfshópsins verði að vinna að stefnumörkun og fylgja eftir málum gagnvart stjórnvöldum og Alþingi. Málsvið starfshópsins verði samgöngu, fjarskipta og orkumál.

Starfshópurinn hafi umboð til ákveðins tíma t.d. að vinna að gerð áætlunar um samgöngumál og fjarskiptamál. Eins megi útvíkka málefni starfshópsins til að taka inn orkumál og afhendingaröryggi raforku.

Kostir: Stjórn ber ábyrgð á þessum verkefnum og því er ekki verið að vinna sömu hlutina á tveimur stöðum. Stjórnarmenn geta þá sérhæft sig meira í málefnum og verið talsmenn ákveðins málaflokks innan stjórnar.

Gallar: Færa má fyrir því gild rök að við séum ekki kominn á þann stað sem við viljum vera varðandi innviði og mikilvægt að málaflokknum sé haldið á lofti.

11. gr. Fastanefndir **ATH 3** tillögur

Tillaga C: Innviðanefnd komi í stað Samgöngu- og fjarskiptanefndar

Á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga starfa þrjár fastanefndir; Innviðanefnd, Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða og Fjárhagsnefnd.

Á Fjórðungsþingi skulu kosnir fulltrúar í þessar nefndir;

- Í Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs skulu kjörnir fimm fulltrúar. Þrjú fulltrúar úr hópi aðalfulltrúa eða varafulltrúa sveitarstjórna á Vestfjörðum, þar af einn fulltrúi af norðanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af sunnanverðum Vestfjörðum og einn fulltrúi af Ströndum/Reykholum. Tveir fulltrúar skulu koma utan Vestfjarða og verði valdir úr atvinnulífi, menningarlífi og rannsókn og háskólastofnunum.
 - Kjörð skal í tvö fagráð sem fjalli um umsóknir áður en úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs fer umsóknir til afgreiðsu. Í fagráð menningar skulu kjörnir fjórir fulltrúar og í fagráð atvinnuþróunar, nýsköpunar og umhverfismála skulu kjörnir fjórir fulltrúar. Þrjú fulltrúar hvers fagráðs skulu kjörnir með tilliti til þess að einn fulltrúi komi af norðanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af sunnanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af Ströndum/Reykholum og einn utan Vestfjarða. Fulltrúar skulu koma úr atvinnulífi, menningarlífi og rannsókna og háskólastofnunum.
- Í fjárhagsnefnd skulu kjörnir fimm fulltrúar og fimm til vara. Úr hópi kjörinna aðalmanna skal kjósa formann Fjárhagsnefndar með sérstakri kosningu. Fjárhagsnefnd skal vinna með stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, framkvæmdastjóra Vestfjarðastofu og sviðstjóra byggðamála hjá Vestfjarðastofu, að framlagningu fjárhagsáætlunar og endurskoðaðar fjárhagsáætlunar ár hvert.
- Í Innviðanefnd skulu kosnir fimm fulltrúar og fimm til vara. Úr hópi kjörinna aðalmanna skal kjósa formann Innviðanefndar með sérstakri kosningu og skal sá fulltrúi jafnframt eiga sæti í stjórn Fjórðungssambands. Innviðanefnd vinnur með stjórn, framkvæmdastjóra Vestfjarðastofu og sviðstjóra byggðamála hjá Vestfjarðastofu að gerð og eðrfylgni innviðáætlunar og við hagsmunagæslu vegna innviðaupbyggingar.

Kjörtímabil nefnda skal vera tvö ár og fylgir kosningu stjórnar samanber 5. gr. Þá skal Fjórðungsþing kjósa fulltrúa sambandsins í aðrar nefndir og ráð.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skal stofna til samráðsvettvangs framkvæmdastjóra og oddvita sveitarfélaga á Vestfjörðum sem fundi með stjórn allt að fjórum sinnum á ári.

Hvað felur tillagan í sér:

Tillagan um að leggja niður samgöngu og fjarskiptanefnd en stofna þess í stað Innviðanefnd. Starfssvið nefndarinnar verði samgöngumál, fjarskiptamál, orkumál og afhendingaröryggi raforku. Með þessu eru málefni lykinnviða Vestfjarða kominn undir eitt. Nauðsynlegt er að endurskoða reglulega hvaða verkefni

Kostir: Málefnum er sannarlega haldið uppi á borðum. Hér eru undir fleiri mál en eru í samgöngu og fjarskiptanefnd og því viðtækara hlutverk nefndarinnar. Hópar hafa skýrt, afmarkað hlutverk og tímaramma.

Gallar: Innviðanefnd fjallar um sömu hluti og eru aðal umfjöllunarefni stjórnar FV og því verið að há baráttur á tveimur vigsstöðum.

Hafa þarf í huga: Huga þarf að upplýsingaflæði og með hvaða hætti samráð og samstarfi við stjórn er háttað. Einnig er mikilvægt að huga að skipuritinu til að gera sér grein fyrir hvort nefndin starfi undir stjórn eða samhliða stjórn.

Þingsköp 2. gr.

Var; Þingið er haldið samkvæmt lögum sambandsins í tvennu lagi að vori og hausti. Við lok vorþings er þingi frestað til haust og við lok haustþings er þingi slitið.

Þingið er haldið samkvæmt lögum sambandsins í tvennu lagi að vori og hausti. Við lok vorþings er þingi frestað til haust og við lok haustþings er þingi slitið. **Aukaþing skal haldið á því ári sem sveitarstjórnarkosningar fara fram.**

Heimilt er að nota fjarfundarbúnað á Fjórðungsþingi og aukaðing og nefnda og ráða á vegum sambandsins, ef aðstæður mæla með því að slíkur búnaður sé notaður. Þegar fjarfundarbúnaðar er notaður skal tryggja jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu og óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram.

Hvað felur tillagan í sér;

Að aukaðing gefi nýjum sveitarstjórnarfulltrúum færi á að kynnast og kjósa kjörnefnd og fjárhagsnefnd til að undirbúa tillögur fyrir Fjórðungsþing, haust.

Ekki er heimild í þingsköpum að nota fjarfundabúnað og er tillaga sett hér fram um slíkt. Tillagan byggir á nýjum heimildum í sveitarstjórnarlögum um heimild til að nota fjarfundabúnað fyrir sveitarstjórn og nefndir sveitarfélaga.

66. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Þinggerð

Þingsköp 6. gr.

Var:

Í upphafi haustþings skal kjósa eftirtaldar fastar nefndir: Fjórðungsmálanefnd og allsherjarnefnd. Málum skal, eftir eðli þeirra, vísað til þeirra nefnda en kjósa má fleiri nefndir ef þurfa þykir eða starfa í einni málstofu. Rísi ágreiningur um til hvernar nefndar skuli vísað sker þingfundur úr. Á þingum, þegar kosningar fara fram, skal þingið kjósa fimm manna kjörnefnd sem gera skal tillögur að skipan stjórnar, varastjórnar, aðal- og vara- endurskoðenda. Á dagskrá má taka mál, sem síðar koma, ef þingfundur leyfir.

Verður:

Í upphafi haustþings skal kjósa eftirtaldar fastar nefndir:

- Stjórnskipulagsnefnd, sem fjallar um samþykktir, þingsköp, starfsreglur og annað sem varðar stjórnskipulag Fjórðungssambands.
- Allsherjarnefnd, sem fjallar um ályktanir ársþings og þau mál sem varða markmið og almenn verkefni Fjórðungssambandsins.

Auk þessara nefnda getur þingið ákveðið að setja nefndir um sérstök mál eða málaflokka til starfa á þinginu eða milli þinga. Heimilt er að haga svo kjöri í þingnefndir að fulltrúar velji sjálfir þá nefnd sem þeir vilja starfa í.

Málum skal, eftir eðli þeirra, vísað til þeirra nefnda en kjósa má fleiri nefndir ef þurfa þykir eða starfa í einni málstofu. Á dagskrá má taka mál, sem síðar koma, ef þingfundur leyfir.

Á þingum, þegar kosningar fara fram starfar kjörnefnd sem Fjórðungsþing eða aukþing hefur áður valið. Kjörnefnd leggur fram tillögur að skipan stjórnar, formanns stjórnar, varastjórnar, endurskoðenda og fastanefndir samkvæmt samþykktum.

Þingsköp 13. gr.

Var:

Fulltrúar skulu taka til máls standandi frá sætum sínum eða í ræðustól og snúa máli sínu til forseta, sem sjá skal um, að fulltrúar taki til máls í rétttri röð, eftir því sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Enginn fulltrúi má í ræðu sinni lesa upp prentað mál, nema með leyfi forseta.

Verður:

Fulltrúar skulu taka til máls í ræðustól og snúa máli sínu til forseta, sem sjá skal um, að fulltrúar taki til máls í rétttri röð, eftir því sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Enginn fulltrúi má í ræðu sinni lesa upp prentað mál, nema með leyfi forseta. Heimilt er fyrir fulltrúa að koma með stuttar fyrirspurnir úr sæti sínu.

Hvað felur tillagan í sér.

Tillagan skýrir sig sjálf en er til að auðvelda störf þingsins

Þingsköp 13. gr.

Var:

Fulltrúar skulu taka til máls standandi frá sætum sínum eða í ræðustól og snúa máli sínu til forseta, sem sjá skal um, að fulltrúar taki til máls í rétttri röð, eftir því sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Enginn fulltrúi má í ræðu sinni lesa upp prentað mál, nema með leyfi forseta.

Verður:

Fulltrúar skulu taka til máls í ræðustól og snúa máli sínu til forseta, sem sjá skal um, að fulltrúar taki til máls í rétttri röð, eftir því sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Enginn fulltrúi má í ræðu sinni lesa upp prentað mál, nema með leyfi forseta. **Heimilt er fyrir fulltrúa að koma með stuttar fyrirspurnir úr sæti sínu.**

Hvað felur tillagan í sér.

Tillagan skýrir sig sjálf en er til að auðvelda störf þingsins

Þingskjal nr. 11

Ályktun um samstarf um umdæmisráð barnaverndar

66. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haust haldið á Ísafirði 22. og 23. október 2021 samþykkir að sveitarfélögin á Vestfjörðum stofni og reki sameiginlegt umdæmisráð barnaverndar frá 1. janúar 2022 í samræmi við ákvæði 6 gr. laga nr. 107/2021 ákvæði e. (lög um breytingar á barnaverndarlögum, nr. 80/2002 (barnaverndarþjónusta, samþætting ofl.)

Sveitarfélögin samþykkja að samstarf verði haft um mótun stefnu um sameiginlegt verklag barnaverndarþjónustu á Vestfjörðum á árinu 2022.

Lokið verði við vinnu við skipan ráðsins og ákvarðanir um tilhögun á skiptingu kostnaðar verði teknar fyrir 15. desember 2021.

Greinargerð:

Í kjölfar lagasetningar um farsæld barna má gera ráð fyrir umtalsverðum breytingum á barnaverndarþjónustu á svæðinu sem sveitarfélögin gætu haft umtalsverða hagsmuni af að takast á við sameiginlega.

Ísafjarðarbær hefur lýst vilja til að reka áfram barnaverndarþjónustu og hefur lýst áhuga á að annast barnaverndarþjónustu fyrir önnur sveitarfélög á svæðinu með beinum samningum.

66. FJÓRÐUNGSPING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Pinggerð

Pingskjal nr. 12

Ályktun um vindorku

66. Fjórðungspings Vestfirðinga, haustping haldið á Ísafirði 22. og 23. október 2021 fagnar öllum aðgerðum sem lúta að því að auka raforkuöryggi og framleiðslu á Vestfjörðum. Þá fagnar þingið þeim áhuga sem vindorkuframleiðendur hafa sýnt svæðinu. Nú er svo komið að í einu sveitarfélagi á svæðinu, Reykhólahrepp er vinna komin á fullt við uppbyggingu vindorkugarðs.

Þingið kallar eftir því að Alþingi klári hið fyrsta fjórða áfanga rammaáætlunar um vernd og nýtingu landsvæða. Fyrir liggur tillaga verkefnisstjórnar rammaáætlunar síðan í mars um flokkun svæða sem býður samþykkis frá Alþingi. Í nýtingarflokki þeirrar tillögu er m.a. vindorkugarður í Garpsdal sem er langt er komin á veg í undirbúningi.

Skipulagsstofnun hefur neitað að samþykkja skipulagstillögu Reykhólahrepps um iðnaðarsvæði undir vindorkugarð á þeim forsendum að framkvæmdin sé ekki í núverandi rammaáætlun, þrátt fyrir að ekki sé lagaheimild fyrir því. Þetta setur öll áform Reykhólahrepps og EM orku í hættu sem verður ekki við unað.

Ingimar Ingimarsson, Árný Huld Haraldsdóttir, Embla Dögg Bachmann Jóhannsdóttir

Pingskjal nr. 13

Ályktun um orkumál

66. Fjórðungspings Vestfirðinga, haustping haldið á Ísafirði 22. og 23. október 2021 ætlar á árinu 2022 að standa fyrir því að tekið verði víðtækt samtal um framtíð orkunýtingarkosta á Vestfjörðum. Úr því samtali og þeirri vinnu verði kortlagðir þeir virkjunarkostir sem í boði eru á svæðinu. Nauðsynlegt er fyrir framleiðendur orkunnar að slík vinna sé unnin svo ekki komi til þess að óðagot verði í vali á orkunýtingarkostum þegar stöðum er fundið hlutverk eða þau friðuð.

Fjórðungssambandið og Vestfjarðarstofa stýri þessari vinnu í samráði við sveitarfélögin á svæðinu og Orkubú Vestfjarða og skili þessari vinnu af sér á Haustþingi árið 2022.

Ingimar Ingimarsson

Pingskjal nr. 14

Breytingartillaga varðandi ferjuna Baldur.

Ferjan Baldur er grunnstoð í samgöngum á Vestfjörðum, nú þegar við sjáum fram á heilsárs samgöngur milli sunnan- og norðanverðra Vestfjarða með framkvæmdum á Dynjandisheiði.

Endurnýjun ferjunnar er forgangsmál í samgöngumálum á Vestfjörðum og leggur Fjórðungsping áherslu á að þar sem núverandi ferja annar ekki eftirspurn miðað við núverandi siglingaráætlun og það sem er enn mikilvægara að tryggja öryggi farþega um borð er nauðsynlegt að endurnýja núverandi ferju. Það er skýr krafa Fjórðungspingsins að ekki verður unað við þá niðurstöðu

66. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Þinggerð

Vegagerðarinnar að hagstæðast sé að uppfylla núverandi samning við Sæferðir sem gildir til 31. maí 2022 með möguleika á framlengingu til 31. maí 2023. Það er skýr krafa sveitafélaga á Vestfjörðum að hafin verði strax undirbúningur að því að gera gamla Herjólfli kleift að leggja að bryggju á Brjánslæk og Flatey og að hann hefji siglingar við fyrsta tækifæri og sigli þar til ný ferja getur hafið siglingar. Einnig að við endurbyggingu á ekjubrúum sé miðað við að þær bæði henti Herjólfli og nýrri ferju. Fjórðungsþing leggur einnig ríka áherslu á að lokið verði við gerð viðbragðsáætlunar vegna ferjuslysa á Breiðafirði, sem lagt var til árið 2011 að yrði unnin, en tíðar bilanir og aldur skipsins eru mikið áhyggjuefni er varðar öryggi farþega.

Þingskjal nr. 15

Ályktun um gjalddöku í sjókvíaeldi.

66. Fjórðungsþings Vestfirðinga, haustþing haldið á Ísafirði 22. og 23. október 2021 fagnar gerð „Samfélagssáttmála í fiskeldi“, sem var undirritaður af hálfu sex sveitarfélaga á Vestfjörðum þann 15. júlí 2021.

66. Fjórðungsþing Vestfirðinga skorar á stjórnvöld að endurskoða regluverk varðandi sjókvíaeldi. Eldi laxfiska í sjó er atvinnugrein í örum vexti á Vestfjörðum og er orðin ein af undirstöðuatvinnugreinum í fjórðungnum..

Skýra þarf lagaumhverfið og opinbera gjalddöku í greininni til að tryggja að þær tekjur sem fiskeldi skapar á Vestfjörðum renni til sveitafélaganna þar sem sjókvíaeldi er stundað til að byggja upp grunninnviði sem svara kröfum samfélaganna og atvinnulífsins.

- Endurskoða þarf hafnargjöld, vörugjöld og aflagjöld til að þau skili viðunandi tekjum til þeirra sveitarfélaga sem þjónustuna veita og að gjalddökuheimildir falli betur að þessari nýju atvinnugrein.
- Endurskoða þarf Umhverfissjóð sjókvíaeldis og tryggja að rannsóknir verði eflar og störfum fjölgað við rannsóknir í nærsamfélögum fiskeldis. Mikilvægt að niðurstöður rannsóknarsjóðsins séu birtar jöfnum höndum.
- Fiskeldissjóð sem samkeppnissjóð þarf að leggja niður en tryggja að fiskeldisgjaldið renni beint til innviðaupbyggingar þar sem eldið er stundað.
- Endurskoða þarf tekjur sveitarfélaga vegna eldiskvía og umsvifa í sjókvíaeldi á þeirra heimasvæði. Krafa er ekki að auka álögur á atvinnugreinina heldur að eðlilegur hluti tekna renni til uppbyggingar og viðhalds innviða sveitarfélaganna og skili sér beint til þeirra sveitarfélaga sem verða fyrir beinum áhrifum af sjókvíaeldi.

Jafnframt og samhliða þarf að tryggja uppbyggingu grunninnviða á Vestfjörðum svo svæðið verði samkeppnishæft við aðra landshluta þannig að fyrirtæki og samfélög geti dafnað.

66. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Þinggerð

Mikilvægt er að haft verði náið samráð við sveitarfélögin varðandi uppbyggingu grunninnviða og tekjustofna ríkis og sveitarfélaga varðandi fiskeldi.

Greinargerð

Mikilvægt er að skýra og samræma hvernig hægt er að tryggja tekjur til sveitarfélaganna þar sem sjókvíaeldi er stundað. Endurskilgreina ber hafnar- og aflagjöld og skilja aðferðafræðina frá hefðbundinni gjaldtöku í sjávarútvegi, ásamt því að tryggja að hægt sé að taka gjald af mannvirkjum í sjó sem renni til nærliggjandi sveitarfélaga í formi fasteignagjalda eða aðstöðugjalda. Laga- og reglugerðumhverfi sem sveitarfélögin vinna eftir varðandi fiskeldi hefur haft verulega neikvæð áhrif. Óeðlilegur hvati er í núgildandi löggjöf þannig að sveitarfélög keppast um að fá eldisfiski landað til sín á sama tíma og þjónustuhafnir í fiskeldi hafa litlar sem engar tekjur til að standa undir vaxandi umsvifum. Stærstur hluti tekna sveitarfélaga kemur á löndunarstað við sláturhús sem endurspeglar ekki þá nýtingu mannvirkja og þjónustu sem eldið nýtir. Það er því mikilvægt að skýra forsendur gjaldtökunnar og samræma reglurnar á landsvísu.

Þeir óvissuþættir sem uppi eru um gjaldtöku í fiskeldi nú í dag, eru helst að gjaldtakan byggir á hafnarlögum sem eiga við löndun á villtum fiski, sem veldur því að aðeins það sveitarfélag þar sem fiski er dælt á land fær tekjur af fiskeldinu á grundvelli þessarar löggjafar. Lögin ná ekki yfir ef fiski er slátrað á sláturprömmum eða hann fluttur annað til slátrunar sem gefur þá engar tekjur á Vestfjörðum. Tekjur af þjónustubátum eru litlar þó þeir nýti þjónustu og hafnarmannvirki allan ársins hring. Engar tekjur eru af kvíum á fjörðum og því getur sveitarfélag með stórfellt eldi setið uppi með engar tekjur af nýtingu fjarðarins. Fóðri er nær öllu landað beint í pramma og því skapa þau aðföng engar tekjur til sveitarfélaganna. Þar þarf að endurskoða reglur um vörugjöld til að gæta samræmis við hafnir. Seiðaeldisstöðvar skila eingöngu tekjum í formi fasteignagjalda stöðvarinnar.

Tekjustofnar sveitarfélaga vegna fiskeldis hafa ekki verið tryggðir í samræmi við eðli greinarinnar og því er gerð krafa um endurskoðun eftirfarandi þátta:

- f. Að ná utan um heildargjaldtöku af fiskeldi og undir hverju tekjunum er ætlað að standa sem og hvernig þær tekjur skiptast á milli ríkis og sveitarfélaga.
- g. Að tryggja sveitarfélögum, þar sem sjókvíaeldi er stundað, skýrar heimildir til töku gjalda af sjókvíaeldi.
- h. Að tryggja að tekjur af slíkri gjaldtöku standi undir nauðsynlegum verkefnum sveitarfélaga og tryggð sé sjálfbærni hafna og samfélaga þar sem sjókvíaeldi fer fram.
- i. Að vinna að endurskoðun reglugerðar fyrir Umhverfissjóð sjókvíaeldis með það að markmiði að tryggja að rannsóknir og vísindapekking byggist upp í nærumhverfi fiskeldisstarfseminnar.

66. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Pinggerð

- j. Að fiskeldissjóður verði lagður niður í þeirri mynd sem hann er. Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga sem unnin var í samráði við Samtök sjávarútvegssveitarfélaga dags. 8. janúar 2020 segir: “Í upphafi telur Samband íslenskra sveitarfélaga óhjákvæmilegt að halda því til haga að við setningu laga um gjaldtöku af fiskeldi lagðist það ásamt Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga eindregið gegn þeirri leið að stofna sérstakan sjóð til að ráðstafa hluta tekna ríkisins af gjaldtöku á fiskeldisstarfsemi. Á allan hátt væri eðlilegra að sveitarfélögin fengju í sinn hlut beina hlutdeild í tekjum af slíkri starfsemi til að standa undir nauðsynlegri innviðaupbyggingu.”
- Tryggja þarf að fiskeldisgjald sem nú rennur í sjóðinn frá fiskeldisstarfsemi verði úthlutað beint til sveitarfélaga á áhrifasvæði sjókvíaeldis.
- Úthlutunarreglur miðist við eldismannvirki með rekstrarleyfi í fjórðum og nærsvæði sveitarfélaganna þannig að samhengi verði milli úthlutunar til sveitarfélags og umsvifa í nærumhverfi þeirra.

Tillagan er lögð fram fyrir hönd starfshóps um samfélagssáttmála í fiskeldi á Vestfjörðum

Bjarnveig Guðbrandsdóttir, oddviti Tálknafjarðarhrepps
María Ósk Óskarsdóttir, formaður bæjarráðs Vesturbyggðar.

Lilja Magnúsdóttir kynnti efni ályktunarinnar fyrir hönd flutningsmanna

Þingskjal nr. 16

Breytingartillaga vegna ályktunar um umdæmisráð barnaverndar

Ályktun um samstarf um umdæmisráð barnaverndar 66. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haust haldið á Ísafirði 22. og 23. október 2021 samþykkir að sveitarfélögin á Vestfjörðum stofni og reki sameiginlegt umdæmisráð barnaverndar frá 1. janúar 2022 í samræmi við ákvæði 6 gr. laga nr. 107/2021 ákvæði e. (lög um breytingar á barnaverndarlögum, nr. 80/2002 (barnaverndarþjónusta, samþætting ofl.) Sveitarfélögin samþykkja að samstarf verði haft um mótun stefnu um sameiginlegt verklag barnaverndarþjónustu á Vestfjörðum á árinu 2022. Lokið verði við vinnu við skipan ráðsins og ákvarðanir um tilhögun á skiptingu kostnaðar verði teknar fyrir 15. desember 2021. Greinargerð: Í kjölfar lagasetningar um farsæld barna má gera ráð fyrir umtalsverðum breytingum á barnaverndarþjónustu á svæðinu sem sveitarfélögin gætu haft umtalsverða hagsmuni af að takast á við sameiginlega.

Þingskjal nr. 17

Breytingartillaga um orkumál

66. Fjórðungsþings Vestfirðinga, haustþing haldið á Ísafirði 22. og 23. október 2021 beinir því til Stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga að standa fyrir því að á árinu 2022 að tekið verði fyrir víðtækt samtal um framtíð orkunýtingarkosta á Vestfjörðum. Úr því samtali og þeirri vinnu verði

66. FJÓRÐUNGSPING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Pinggerð

kortlagðir þeir virkjunarkostir sem í boði eru á svæðinu. Nauðsynlegt er fyrir framleiðendur orkunnar að slík vinna sé unnin svo ekki komi til þess að óðagot verði í vali á orkunýtingarkostum þegar stöðum er fundið hlutverk eða þau friðuð. Fjórðungssambandið og Vestfjarðarstofa stýri þessari vinnu í samráði við sveitarfélögin á svæðinu og Orkufyrirtæki og skili þessari vinnu af sér á Haustþingi árið 2022

Pingskjal nr. 18

Ályktun um sjálfbæra nýtingu staðbundinna nytjastofna

66. Fjórðungspings Vestfirðinga, haustþing haldið á Ísafirði 22. og 23. október 2021, hvetur sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra að stofna til starfshóps með aðkomu sveitarfélaga, ráðuneyta, stofnana, háskólasamfélags, veiðiréttarhafa og afurðavinnslna. Vinna starfshópsins verði móta stefnu um sjálfbæra nýtingu staðbundinna nytjastofna (þang, þari, grásleppa) á grundvelli greiningar á áhrifum af hagkvæmri nýtingu svæðisbundinna nytjastofna á byggðarlög, lífríki og vistkerfi.

Ný frumvörp verði lögð fram sem samþætti markmið um sjálfbæra nýtingu staðbundinna nytjastofna og markmið um eflingu byggðarlaga sem tengd eru nýtingu þeirra.

Greinargerð.

Meginmarkmið laga um fiskveiðistjórnun og nýtingu nytjastofna er stuðla að sjálfbærri og hagkvæmri nýtingu fiskistofna sem leiði til traustar atvinnu og byggðar í landinu. Framkvæmd laganna gagnvart helstu nytjastofnum verði sú að hagkvæm nýting nytjastofns leiði til öflugar byggðar um land allt án sértækrar staðsetningar.

Sérstaða við nýtingu sjávargróðurs og grásleppu umfram aðra nytjastofna sem falla undir lög um fiskveiðistjórnun, er hversu staðbundin nýtingin er og hversu afgerandi nýtingin er fyrir vöxt og viðgang einstakra byggðarlaga. Staða samfélaga á Vestfjörðum sem nýta þessar auðlindir er einnig viðkvæm með tilliti til íbúapróunar og efnahagslegrar stöðu. Þeim til stuðnings hafa stjórnvöld og Alþingi sett markmið m.a. í Byggðaáætlun um jákvæða byggðþróun um land allt. Forðast verður þá stöðu að breyting á lögum um fiskveiðistjórnun vinni gegn settum markmiðum í byggðamálum og auki óöryggi um framtíð samfélaganna. Þess í stað ætti að vinna að samþættingu markmiða laga um fiskveiðistjórnun og markmiða í byggðamálum.

Fjórðungsping Vestfirðinga telur það því réttmæta kröfu, að sjónarmið er varða hagsmuni þessara samfélaga verði tekin til umfjöllunar við breytingu á lögum um fiskveiðistjórnun. Einnig telur Fjórðungsping Vestfirðinga að málefnið skarist við skipulagsáætlanir sveitarfélaga og áætlanir stjórnvalda s.s. Landskipulagsstefnu og efla verði rannsóknir á lífríki, vistkerfum og tengsl samfélaga og auðlindanýtingar. Er það krafa Fjórðungspings Vestfirðinga að stofnaður verði starfshópur með aðkomu sveitarfélaga, ráðuneyta, stofnana, háskólasamfélags, veiðiréttarhafa og afurðavinnslna. Hlutverk starfshópsins verði að greina áhrif nýtingar á efnahag, samfélög, lífríki og vistkerfi og setningu markmiða sem styðja við framþróun samfélaga og tryggi sjálfbærni nytjastofna.

66. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Þinggerð

Þingskjal nr. 19

Ályktun um samgöngumál

66. Fjórðungsþings Vestfirðinga, haustþing haldið á Ísafirði 22. og 23. október 2021 ályktar um samgöngumál. Samgöngumál eru grundvöllur fyrir uppbyggingu atvinnulífs og samfélaga á Vestfjörðum. Vestfirðir hafa staðið aftar öðrum landshlutum á öllum sviðum samgöngukerfisins. Fjórðungsþing Vestfirðinga krefst þess að samgöngumál á Vestfjörðum verði sett í forgang og vísar til eftirfarandi greinargerðar.

Greinargerð.

Vegaþjónusta.

Fjórðungsþing Vestfirðinga gerir þá kröfu að við endurskoðun samgönguáætlunar að vegaðjónusta verði gerð að lykilviðfangsefni áætlunarinnar og þá sérstaklega vetraraþjónusta. Ekki er lengur við það unað að fjárheimildir fjárlaga rammi inn þjónustuna og gefa lítinn sveigjanleika gagnavart veðurlagi hvers árs eða auknum þörfum atvinnulífs og samfélaga. Gerð er sú krafa að fjármagn verði aukið til verkefnisins og koma á viðtækara samráð um framkvæmd vetraraþjónustu.

Sett verði að framtíðarmarkmiði að lykilviðfangsefnið í vegaðjónustu, að allir byggðakjarnar búi við sólarhringsþjónustu á stofnvegum, óháð íbúafjölda en strjálbýli frá snemma morguns til miðnættis. Slíkt tryggir einnig áætlanir flutningsaðila, þjónustu fyrirtækja innan landshluta og þjónustu fyrirtækja frá höfuðborgarsvæðinu s.s. dagvöruverslanir.

Þjónustustig verði þó strax aukið á Vestfjörðum með tilliti sérstöðu landshlutans þar sem stofnvegir liggja um 14 fjallvegi og eða vegi um ofanflóðavæði, en á síðustu þrem árum hafa þeir lokast að meðaltali um 280 sinnum á ári. Horft verði einnig til mjög hraðs vaxtar í atvinnulífi og samfélögum og þeirrar stöðu að starfsemi fyrirtækja og þjónusta á Vestfjörðum er nú orðin líkt og á höfuðborgarsvæðinu þar sem er „samfélag er aldrei sefur“.

Bætt vegaðjónusta er einnig liður í framkvæmd stefnu í sveitarstjórnarmálum er stefnir á stækkun sveitarfélaga með tilheyrandi fjölgun fjölkjarnasveitarfélaga og tryggir tengingu byggðakjarna innan þeirra.

Eins er ljóst að íbúar sem búa við ótrygga vetrarvegi og vetraraþjónustu vegra sig við að aka þar um í daglegri vinnu og eða þjónustusókn. Kemur þetta m.a. fram í viðhorfskönnun Vestfjarðastofu og þar kemur eins fram að herra hlutfall kvenna en karla lætur þetta viðhorf í ljós, vetraraþjónusta er því einnig jafnréttismál.

Fjórðungsþing Vestfirðinga bendir hér að lokum á algjöra sérstöðu samfélagsins í Árneshreppi, sem er hið eina í landinu, sem er neitað um aðflutninga á landi hluta ársins (janúar – mars) með svokallaðri G reglu í snjómokstri. Reglu sem komið var á í framhaldi af efnahagshruni 2008 en fæst ekki afnumin með vísan til kostnaðarauka (sem hefur verið metinn innan við 20 mkr á ári). Hér er um að ræða, með fyrirvara um mikil snjóalög, að hækka þjónustustig úr G reglu í F reglu sem heimilar mokstur tvisvar í viku. Öðrum samfélögum eru tryggðar ferjusamgöngur ef vegur er ekki í boði, Grímsey, Flatey og Vestmannaeyjar, eða þegar vegir lokast um langa hríð s.s. Mjóafirði eystri.

66. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Pinggerð

Vestfjarðavegur 60 um Gufudalssveit og Dynjandisheiði, Bíldudalsvegur.

Fjórðungsþing Vestfirðinga fagnar þeim verkefnum sem nú er unnið að á Vestfjarðavegi 60 í Gufudalssveit og á Dynjandisheiði.

Fjórðungsþing Vestfirðinga ítrekar hér kröfu fyrri ára, að tenging Vestfjarðavegar 60 og Bíldudalsvegur úr Arnarfirði sé unnin samhliða framkvæmdum á Vestfjarðavegi 60. Kostir við framkvæmd á Bíldudalsvegi er að vinna má að framkvæmdum að vetrarlagi og opnar fyrr á aukna afþreyingu í ferðaþjónustu í suðurfjörðum Arnarfjarðar.

Telur Fjórðungsþing Vestfirðinga að tímarammi framkvæmda á Bíldudalsvegi sé því ekki í takt við uppbyggingu samfélaga og atvinnulífs á sunnanverðum Vestfjörðum s.s. í fiskeldi og ferðaþjónustu. Horfa ber því heildstætt á þessi þrjú verkefni og vinna þau innan Samgönguáætlunar 2020-2024. Með þessum hætti verður einnig hraðað þeim þjóðhagslegum ávinningi sem næst af opnun Dýrarfjarðargangna samhliða endurnýjun Vestfjarðavegar 60 og Bíldudalsvegur.

Innstrandavegur.

Fjórðungsþing Vestfirðinga harmar að endurnýjun vegkafla Innstrandavegar milli Heydalsár og Þorpa hafi ekki verið flýtt og hann unnin sem hluti af fjárfestingarátaki stjórnvalda vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Samkvæmt Samgönguáætlun 2020-2034 á að vinna að verkefninu á tímabilinu 2025-2029, en um er að ræða endurnýjun og setja bundið slitlag á 5 km malarveg og ná þá loks samhangandi vegi með slitlagi frá Hólmavík í botn Kollafjarðar, framkvæmdakostnaður áætlaður 300 mkr.

Staða Strandabyggðar er alvarleg er nú leitað allra leiða til að bæta búsetuskilyrði í sveitarfélaginu. Úrbætur í innviðum er hér lykilþáttur en umræddur vegkafla er hluti af daglegri vinnu og skólasókn íbúa í Strandabyggð. Í nýrri stefnumörkun Alþingis um málefni sveitarfélaga, er lögð áhersla á að styðja við þætti er auka samvinnu eða sameiningu sveitarfélaga. Telur Fjórðungsþing Vestfirðinga því rétt að minna á að umræddur vegkafla var innan Kirkjubólshrepps. Nú eru liðin 19 ár frá sameiningu Hólmavíkurhrepps og Kirkjubólshrepps undir nafni Hólmavíkurhrepps og 15 ár frá sameiningu Broddaneshrepps undir nafni Strandabyggðar.

Fjórðungsþing Vestfirðinga krefst síðan að endurnýjun Innstrandavegar frá Kollafirði að Guðlaugsvík verði settur á samgönguáætlun, er það í takti við kröfu í Samgönguáætlun sveitarfélaga á Norðurlandi Vestra um lagfæringar á Innstrandavegi frá Prestbakka að Guðlaugsvík.

Veiðileysuháls.

Fjórðungsþing Vestfirðinga tekur undir kröfugerð verkefnisstjórnar Áfram Árneshreppur frá í apríl 2021 um að

Vegagerð yfir Veiðileysuháls verði flýtt frá því sem gert er ráð fyrir í núverandi samgönguáætlun og verkefninu lokið í síðasta lagi á árinu 2023. Afar mikilvægt að lokið verði við allan undirbúning verksins á árunum 2021 og 2022. eins er tekið undir að í næstu samgönguáætlun verði sett á áætlun verkefni sem tryggi bætтар heilsársamgöngur alla leið í Norðurfjörð

Árneshreppur mun ljúka fimm ára þátttöku í verkefninu Brothættar byggðir á árinu 2022 undir heitinu Áfram Árneshreppur. Verkefnið hefur eflt ferðaþjónustu, samfélagið og menningu og á árinu 2021 hófst lagning ljósleiðara og þrífösun rafmagns með sérstöku átaksverkefni. Hinsvegar hefur uppbyggingu vegsamgangna verið ítrekað frestað. Nýta verður þá stöðu að umhverfismati framkvæmda á Veiðileysuhálsi er nær lokið og hönnun vegstæðis er hafin. Ef fjármagn verður eyrnamerkt framkvæmdinni á þessu ári þá má ætla að bjóða megi verkefnið út í upphafi árs 2022.

66. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Pinggerð

Með þessum hætti eru stjórnvöld að staðfesta vilja sinn og trú á framtíð samfélagsins í Árneshreppi og fylgja þar með eftir þingsályktun Alþingis um verndun búsetu og menningar í Árneshreppi og stefnumörkun verkefnisins Áfram Árneshreppur.

Ferjan Baldur

Ferjan Baldur er grunnstoð í samgöngum á Vestfjörðum, nú þegar við sjáum fram á heilsárs samgöngur milli sunnan- og norðanverðra Vestfjarða með framkvæmdum á Dynjandisheiði. Fjórðungsþing leggur áherslu á að þar sem núverandi ferja annar ekki eftirspurn miðað við núverandi siglingaráætlun og það sem er enn mikilvægara að tryggja öryggi farþega um borð er nauðsynlegt að endurnýja núverandi ferju. Það er skýr krafa Fjórðungsþingsins að ekki verður unað við þá niðurstöðu Vegagerðarinnar að hagstæðast sé að uppfylla núverandi samning við Sæferðir sem gildir til 31. maí 2022 með möguleika á framlengingu til 31. maí 2023. Það er skýr krafa sveitafélaga á Vestfjörðum að hafin verði strax undirbúningur að því að gera gamla Herjólfli kleift að leggja að bryggju á Brjánslæk og Flatey og að hann hefji siglingar við fyrsta tækifæri og sigli þar til ný ferja getur hafið siglingar. Einnig að við endurbyggingu á ekjubrúm sé miðað við að þær bæði henti Herjólfli og nýrri ferju. Fjórðungsþing leggur einnig ríka áherslu á að lokið verði við gerð viðbragðsáætlunar vegna ferjuslysa á Breiðafirði, sem lagt var til árið 2011 að yrði unnin, en tíðar bilanir og aldur skipsins eru mikið áhyggjuefni er varðar öryggi farþega.

Jarðgangaáætlun.

Fjórðungsþing Vestfirðinga hvetur stjórnvöld að hraða vinnu að gerð nýrrar Jarðgangaáætlunar. Í þeirri vinnu verði settar í forgang tillögur sem koma fram stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum, *Jarðgangaáætlun Vestfjarða*, þar sem sett er markmiði að koma á hindrunarlausum samgöngum á innan atvinnusvæðanna á norðan og sunnanverðum Vestfjörðum.

- Jarðgöng milli í Súðavík og Ísafjarðar (Álftafjarðargöng).
- Jarðgöng undir Mikladal og Hálfán í einni framkvæmd.
- Hafin vinna að uppfærslu jarðganga undir Breiðadalsheiði og Botnsheiði, með breikkun leggins undir Breiðadalsheiði.

Vegatengingar á milli samfélaga á Vestfjörðum sem voru byggðar voru upp á níunda og tíunda áratug síðustu aldar tóku mið af stöðu atvinnulífs og fyrirkomulagi þjónustu á þeim tíma. Eins var það viðhorf til staðar, að láta reyna á vegi sem lægju um há fjöll eða hlíðar með stöðugri ofanflóðahættu.

Þessar lausnir fortíðar eru óásættanlegar fyrir hina hröðu uppbyggingu samfélaga og atvinnulífs. Nú er starfsemi fyrirtækja og þjónusta á Vestfjörðum að vera líkt og á höfuðborgarsvæðinu þar sem er „samfélag er aldrei sefur“. Lokanir vega vegna veðurs og núverandi skipulag vetrarþjónusta er því bein hindrun fyrir framþróun og skerða samkeppnisstöðu landshlutans og samkeppnisstöðu Íslands í lykilatvinnugreinum. Minna má hér á að hlutur fiskeldis á Vestfjörðum er áætlaður að muni nema um 3% af þjóðarframleiðslu eða milljarðar.

Öryggismál á vegum.

Fjórðungsþing Vestfirðinga krefst að hraðað verði uppbyggingu háhraðafjarnets í vegakerfinu og það verði hið sama óháð umferð á vegum þ.e. 30 Mb/s en ekki tímabundið 10 Mb/s. Við þessa aðgerð má ætla að GSM samband batni um leið og dauðir punktar í kerfinu munu hverfa. Oft fer saman aukin áhætta á ferðum um fáfarna vegi fjarri byggð og eða þar sem vetrarveður leiða til lokunar vega eða ofanflóðahættu. Eins verður að telja að minni kröfur til á gæði gagnasambands

66. FJÓRÐUNGSÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Pinggerð

skapar og falskt öryggi fyrir vegfarendur. Jafnframt er skorað á stjórnvöld að greiða nú þegar úr þeim vandamálum sem hafa skapast þegar reikisamband virkar ekki á akstri um vegi á Vestfjörðum. Fjórðungsþing Vestfirðinga leggur síðan til að farið verði í úrbætur á útvarpssambandi á vegum og í jarðgöngum enda er hér hluti af öryggiskerfum landsins.

Ferðamannvegir – tengivegir

Fjórðungsþing Vestfirðinga skorar á stjórnvöld að stórauka fjármagn til endurbóta og viðhalds á stofn- og tengivegum á Vestfjörðum. Einnig að því beint til Vegagerðar að endurskoða viðmið í forgangsröðun viðhaldsverkefna, taka verður mun meira tillit til áhrifa þungaflutninga og aukinni umferð ferðamanna.

Innan fimm ára má reikna með að ársframléiðsla í sjókvíældi á Vestfjörðum verði yfir 50 þúsund tonn frá því að vera um 25 þúsund tonn á þessu ári. Flutningur afurða og aðfanga mun því enn aukast frá því sem nú er og viðhald og endurbætur vegakerfisins þarf að taka mið af því.

Ferðabjónusta á Vestfjörðum er einnig í örum vexti og verkefnið Vestfjarðaleiðin hefur fengið mikla athygli erlendis frá. Verkefnið Vestfjarðaleiðin byggir á tvennu, annarsvegar hringvegum um Vestfirði sem nýtir stofnvegakerfið og hinsvegar vegir út frá hringnum sem er tengivegakerfið. Hér fara því saman verkefni sem stuðla að betri tengingum fyrir dreifbýli en opnar um leið ný tækifæri fyrir skipulag ferðamannaleiða um Vestfirði. Um er að ræða vegkafla um alla Vestfirði s.s. út á Látrabjarg, Rauðasand, Ketildali og Unaðsdal (Kaldalón) o.fl.

Hafnarmál.

Vaxandi umsvif í höfnum á Vestfjörðum vegna fiskeldis, sjávarútvegs, móttaka skemmtiferðaskipa og nýting kalkþörungs, kalla á aukið fjármagn og flýtingu framkvæmda. Við hafnaframkvæmdir verði einnig tekið mið af áætlun stjórnvalda um orkuskipti.

Flugmál.

Fjórðungsþing Vestfirðinga lýsir miklum áhyggjum af langtíma áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru á innanlandsflug. Gerð er krafa á stjórnvöld að horfa til innanlandsflugs sem lykilþáttar fyrir þróun samfélaga og atvinnulífs og ekki verði dregið úr framlögum vegna stöðu dagsins í dag. Horfa ber til að orkuskipti í innanlandsflugi eru nú til skoðunar hjá stjórnvöldum en við fyrstu athugun verður að telja að um umbyltingu geti orðið frá því sem er í dag.

Hér einnig ítrekuð krafa vestfirskra sveitarfélaga um hækkun á framlögum til innanlandsflugs og auknu fjármagni verði veitt til viðhalds og endurbóta á flugvöllum á Gjögri, Bíldudal og Ísafirði. Aukið verði framlag að bæta flugleiðsögn og uppsetningu hindranaljósa m.a. við Bíldudalsflugvöll. Þá minnir Fjórðungsþing á mikilvægi Reykjavíkflugvallar fyrir samgöngur á milli landsbyggðar og höfuðborgar.

Áætlunarflug á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, Bíldudals og Gjögurs eru mikilvægustu almenningssamgöngur Vestfirðinga og lífæð byggðanna stóran hluta ársins. Fylgja þarf náið eftir að ríkisstyrkur til flugs á Bíldudal og Gjögurs uppfylli þarfir samfélaga og atvinnulífs s.s. með fjölgun ferða í hverri viku og nægt sætaframboð sé til staðar. Loftbrúin sem tók gildi á síðasta ári er hér einnig mikilvægur þáttur.

Almenningssamgöngur

Lýst er áhyggjum af innleiðing heildarstefnu í almenningssamgöngum utan höfuðborgarsvæðis. Stjórnvöld hafa sett fram áhugaverða stefnu um eflingu almenningssamganga innan atvinnusvæða og þjónustusókn á milli landshluta en framlög til málaflokksins samkvæmt fjárlögum og fjármálaáætlun verða lækkuð á næstu árum og því erfitt að sjá hvernig almenningssamgöngur utan höfuðborgarsvæðisins geti gengið.

66. FJÓRÐUNGSPING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 22. og 23. október 2021

Ísafirði

Pinggerð

Gjaldtaka í jarðgöngum.

Fjórðungsping Vestfirðinga harmar samþykkt Alþingis í Samgönguáætlun 2020-2034 um að til framtíðar litið verði tekin upp gjaldtaka í jarðgöngum. Jarðgöng á Íslandi, að undanteknum Hvalfjarðargöngum og Vaðlaheiðargöngum, hafa verið sett í framkvæmd til að leysa af hættulega fjallvegi eða fjallshlíðar með viðvarandi ofanflóðahættu. Þannig hefur verið komið á jafnræði íbúa landsins með því að byggja upp öruggar heilsársamgöngur milli sveitarfélaga og eða milli byggðarlaga innan sveitarfélaga. Fjórðungsping Vestfirðinga getur eingöngu fallist á gjaldtöku í jarðgöngum ef tryggt er að önnur heilsársleið sé fær.

Pingskjal nr. 20

Ályktun um orkumál á Vestfjörðum:

66. Fjórðungspings Vestfirðinga, haustþing haldið á Ísafirði 22. og 23. október 2021 hvetur iðnaðarráðherra að beina því til starfshóps ráðherra um orkumál á Vestfjörðum, að hraða störfum og setja sér markmið um að skila niðurstöðu á fyrri hluta árs 2022.

Alþingi samþykkti árið 2018 að Vestfirðir verði í forgangi varðandi raforkumálum samkvæmt þingsályktun um afhendingaröryggi raforku. Eins eru sett að markmiði að flutningskerfi raforku verði hringtengt í hverjum landshluta fyrir lok árs 2030 og öll byggðarlög fyrir lok árs 2040. Iðnaðarráðherra lagði fram á Alþingi í febrúar 2021 ný stefnuskjöl stjórnvalda um orkumál á Íslandi. Þar eru sett fram markmið sem eiga að stuðlað jöfnun samkeppnisstöðu landshluta um aðgengi og afhendingaröryggi raforku.

Uppbygging atvinnulífs og samfélaga á Vestfjörðum hefur gengið hratt fyrir sig á undanförunum árum auk þess sem ný markmið hafa verið sett um að hraða orkuskiptum. Markmið stjórnvalda í orkustefnu styðja við þessa þróun en ekki hafa verið settar fram tímasett verkefni til að ná því markmiði á Vestfjörðum. Að óbreyttu mun þessi staða nær stöðva framþróun samfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum.

Ítarlegar greiningar um afhendingaröryggi raforku og stöðu orkumála samfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum er að finna í skýrslum starfshópa iðnaðarráðherra allt frá árinu 2011. Eins liggja fyrir greiningar og drög að tillögum til úrlausnar um hið sama, í skýrslum Landsnets og í Kerfisáætlunum Landsnets á síðustu árum, auk umsagna Fjórðungssambands Vestfirðinga og fleiri aðila um þær áætlanir. Um er að ræða tillögur um tvöföldun Vesturlínu og stuðla eigi að uppbyggingu nýrra vatnsaflsvirkjana. Fjórðungsping Vestfirðinga skora því á iðnaðarráðherra að nýr starfshópur ráðherra um orkumál á Vestfjörðum, nýti þau gögn sem liggja nú þegar fyrir og skili tillögu um tímasett verkefni á fyrri hluta árs 2022.

Fjórðungsping fagnar öllum aðgerðum sem lúta að því að auka raforkuöryggi og framleiðslu á Vestfjörðum. Þá fagnar þingið þeim áhuga sem vindorkuframleiðendur hafa sýnt svæðinu.

Fyrir liggur skýrsla verkefnisstjórnar 4. áfanga rammaáætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða frá því í mars 2021. Skýrslan gerir m.a. ráð fyrir vindorkugarði í Garpsdal í nýtingarflokk, en undirbúningur er langt kominn. Skipulagsstofnun hefur ekki samþykkt skipulagstillögur um vindorkugarða vegna skorts á lagaheimildum um vindorku að mati stofnunar.

Mikilvægt er að finna vindorku framtíðar farveg innan verndar- og orkunýtingaráætlunar (rammaáætlun). Eða leita annarra lausna er nýtingu vindorku til að leysa úr þeirri pattstöðu sem rammaáætlun er í.

Pingskjal nr. 21

Ályktun um sjálfbæra nýtingu staðbundinna nytjastofna

66. Fjórðungspings Vestfirðinga, haustþing haldið á Ísafirði 22. og 23. október 2021, hvetur sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra að stofna til starfshóps með aðkomu sveitarfélaga, ráðuneyta, stofnana, háskólasamfélags, veiðiréttarhafa og afurðavinnslna. Vinna starfshópsins verði móta stefnu um sjálfbæra nýtingu staðbundinna nytjastofna (þang, þari, grásleppa) á grundvelli greiningar á áhrifum af hagkvæmri nýtingu svæðisbundinna nytjastofna á byggðarlög, lífríki og vistkerfi.

Ný frumvörp verði lögð fram sem samþætti markmið um sjálfbæra nýtingu staðbundinna nytjastofna og markmið um eflingu byggðarlaga sem tengd eru nýtingu þeirra.

Greinargerð.

Meginmarkmið laga um fiskveiðistjórnun og nýtingu nytjastofna er stuðla að sjálfbærri og hagkvæmri nýtingu fiskistofna sem leiði til traustar atvinnu og byggðar í landinu. Framkvæmd laganna gagnvart helstu nytjastofnum verði sú að hagkvæm nýting nytjastofns leiði til öflugar byggðar um land allt án sértækrar staðsetningar.

Sérstaða við nýtingu sjávargróðurs og grásleppu umfram aðra nytjastofna sem falla undir lög um fiskveiðistjórnun, er hversu staðbundin nýtingin er og hversu afgerandi nýtingin er fyrir vöxt og viðgang einstakra byggðarlaga. Staða samfélaga á Vestfjörðum sem nýta þessar auðlindir er einnig viðkvæm með tilliti til íbúáþróunar og efnahagslegrar stöðu. Þeim til stuðnings hafa stjórnvöld og Alþingi sett markmið m.a. í Byggðaáætlun um jákvæða byggðþróun um land allt. Forðast verður þá stöðu að breyting á lögum um fiskveiðistjórnun vinni gegn settum markmiðum í byggðamálum og auki óöryggi um framtíð samfélaganna. Þess í stað ætti að vinna að samþættingu markmiða laga um fiskveiðistjórnun og markmiða í byggðamálum.

Fjórðungsping Vestfirðinga telur það því réttmæta kröfu, að sjónarmið er varða hagsmuni þessara samfélaga verði tekin til umfjöllunar við breytingu á lögum um fiskveiðistjórnun. Einnig telur Fjórðungsping Vestfirðinga að málefnið skarist við skipulagsáætlanir sveitarfélaga og áætlanir stjórnvalda s.s. Landskipulagsstefnu og efla verði rannsóknir á lífríki, vistkerfum og tengsl samfélaga og auðlindanýtingar. Er það krafa Fjórðungspings Vestfirðinga að stofnaður verði starfshópur með aðkomu sveitarfélaga, ráðuneyta, stofnana, háskólasamfélags, veiðiréttarhafa og afurðavinnslna. Hlutverk starfshópsins verði að greina áhrif nýtingar á efnahag, samfélög, lífríki og vistkerfi og setningu markmiða sem styðja við framþróun samfélaga og tryggi sjálfbærni nytjastofna.